


ISSN 1021-108X

# ÍSALP



ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS 1992




# VANDAÐAR VÖRUR

## - á réttu verði!



Ítölsku gönguskórnir  
á góða verðinu.

**DEMON**




Óbrjótanlegir hitabrusar.



Ísaxir - Mannbroddar  
Ísskrúfur.

**charlet moser**



Bakpokar  
á góðu  
verði.



Vandaður  
PROTEX  
fatnaður,  
vatnsheldur  
m/útöndun.  
Fengið viður-  
kenningu í  
samanburðarprófunum.




Karabínur  
& sigtól.



Fjallalínur og borðar.

**rivory**  **joanny**



POLARLITE þeysur.



SVEFNPOKAR



SEGLAGERÐIN  
**AEGIR**

Eyjaslóð 7 · Reykjavík · Pósthólf 1659  
Símar 91-621780 · Netnúmer 9879-1698



**Efnisyfirlit:**

|                                       |    |
|---------------------------------------|----|
| Vökustund í Ölpunum . . . . .         | 4  |
| Skónaglinn mátti sín meir . . . . .   | 7  |
| Á hjólum yfir Vatnajökul . . . . .    | 13 |
| Fjórtán feitir filar á flugi eða .... | 16 |
| Morgunstund gefur gull í mund . . .   | 20 |
| Ævintýramaðurinn Messner . . . . .    | 23 |
| Pamír fjöll . . . . .                 | 28 |
| Tækjahornið . . . . .                 | 31 |
| Félagsstarf . . . . .                 | 34 |
| Fréttapistill . . . . .               | 37 |
| Myndaopnan — Vatnajökull . . . . .    | 44 |
| Ársreikningur . . . . .               | 46 |
| Ársskýrsla . . . . .                  | 47 |

**Forsíðumynd:**

**Vestrahorn og Brunnhorn séð frá Stokksnesi.** Ljóm. *Björn Vilhjálmsson*

**Útgefandi:**

Íslenski Alpaklúbburinn — Félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku.

Pósthólf 1054, Reykjavík

ISSN 1021 - 108X

**Ritnefnd:**

Magnús T. Guðmundsson, ábm. (26357)

Björn Vilhjálmsson (53410)

Guðjón Snær Steindórsson (656847)

Salbjörg Óskarsdóttir (25069)

Torfi Hjaltason (667094)

Tölvuumbrot:: Salbjörg og Torfi.

**Prentun:**

Svansprent



# ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS

8. TÖLUBLAÐ

DESEMBER 1992

**Ágætu félagar**

Nú er Alpaklúbburinn orðinn 15 ára. Á þeim aldri er mannfólkið komið á unglingsár og að ljúka grunnskólanámi. Framundan væru mikil mótunarár. En félagið okkar hefur verið bráðþroska og segja má að það hafi slitið barnsskónum strax á fyrstu árunum og komist í fullorðinna félaga tölu við átta ára aldurinn. Þá höfðum við komið okkur upp félagsheimili, höfðum fyrir tveimur skálum að sjá, ársritið var byrjað að koma út og leiðarvísar ÍSALP orðnir sambærilegir við erlendar leiðsögubækur. Síðan þá hefur þroskinn og festan í starfinu aukist en breytingar verið litlar. Á nýliðnu ári urðu nokkur þáttaskil því við fluttum félagsheimilið úr húsnæðinu á Grensásveginum í nýbyggt hús Ferðafélagsins í Mörkinni 6. Skyldi þá leiðir með okkur og Skandinavisk Boldklub en með þeim deildum við Grensásveginum farsælega í rúmlega þrettán ár. Er þeim þakkað gott samstarf. Núna deilum við rúmgóðu fundaherbergi í risinu með Ferðaklúbbnum 4x4 og Jöklarannsóknafélaginu. Að auki höfum við aðstöðu fyrir opin hús í 60 manna sal með vel búnu eldhúsi. Vonandi verður nýi staðurinn félaginu til framdráttar.

Undanfarin ár hefur sportklettaklufur átt auknu fylgi að fagna innan klúbbsins. Er það í takt við það sem gerst hefur annarsstaðar í Evrópu samtímis því að klifurkeppnir eru orðnar vinsælar íþróttaviðburðir. Og sem þessar línur eru skrifaðar á síðasta degi janúarmánaðar, berast fréttir um að einn félagi klúbbsins hafi náð öðru sæti í opna sænska sportklifurmótinu. Óræk sönnun þess að starf Alpaklúbbsins síðustu fimmtán ár hefur borið ríkulegan ávöxt.

En Alpaklúbburinn snýst um margt fleira en sportklettaklufur. Hann er vettvangur allra sem vilja glíma við fjallamennsku og klifur, hvort sem undir fótum eru skíði eða broddar, gönguskór eða túttur. Í gegnum árin höfum við staðið fyrir mjög fjölbreytilegum ferðum, skíðaferðum, ísklifurferðum, klettaklufurferðum, jöklagöngum auk námskeiða í hinum aðskiljanlegustu kúntum. Það er pláss í klúbbum fyrir allt þetta og miklu meira.

Aðalatriðið er að hafa ánægju af sínum ferðum, markmiðin skilgreinir hver fyrir sig og mikilvægustu sigurnar eru þeir sem við vinnum á sjálfum okkur. Þetta ársrit er, eins stundum áður, frekar seint á ferðinni. Því valda ýmsar ástæður en einkum þó sú staðreynd að það er mikið verk fyrir fáar hendur að koma út svona blaði. Ritnefndin biðst velvirðingar á hægaganginum og hún er staðráðin í því að gera betur á árinu 1993.

Magnús Tumi Guðmundsson

**Stjórn Ísalp 1992:**

Formaður: Magnús Tumi Guðmundsson (26357)

Varaform.: Páll Sveinsson (689048)

Gjaldkeri: Haraldur Örn Ólafsson (612719)

Ritari: Árni Gunnar Reynisson (44217)

Meðstj. Torfi Hjaltason (667094)

Magnús Guðlaugsson (688038)

Linda Björk Þórðardóttir (36691)

**Skálanefnd:**

Guttormur B. Þórarinnsson, skálastj. (22712)

Torfi Hjaltason

**Ferða- og fundanefnd:**

Linda Björk Þórðardóttir, form.

Árni Tryggvason (619469)

Árni Birgisson (611703)

Dagur Jónsson (51518)

Símon Halldórsson (51764)

Þorvaldur Þórrson (74090)

**Uppstillinganefnd:**

Páll Sveinsson, form.

Jón Þorgrímsson (71150)

Sigursteinn Baldursson (36854)

**Fræðslunefnd:**

Torfi Hjaltason, form.

Snævarr Guðmundsson (688412)

**Umhverfisnefnd:**

Jón Viðar Sigurðsson (25010)

Árni Tryggvason

Ingimundur Stefánsson (72160)

**Húsnefnd:**

Árni Gunnar Reynisson, form.

Sigursteinn Baldursson

Jón Þorgrímsson





# Vökustund í ölpunum

*eftir Pál Sveinsson*

Gervasutti Pillar er rétt vinstra megin við miðja mynd. *Ljósmynd Páll Sveinsson.*




*Gervasutti Pillar á NE hlið Mt. Blanc du Tacul  
800 m hár klettahryggur, úr 3400 í 4200 m hæð.*

*Tuttugu og þrjár klifurspannir.*

Klukkan hringdi; loksins var hún orðin fjögur. Ég veit ekki hvort það var spenningur eða hæðin en ég hafði sofið mjög illa, bylt mér hálfanóttina og öfundað Fish sem svaf eins og steinn. Eftir „staðgóðan“ morgunmat (Snickers og kornstaur) röltum við af stað í myrkrinu. Við höfðum tjaldað á „Valle Blanche“, jökulbreiðu í 3500 m hæð sem liggur fyrir neðan Midi kláfstöðina, í Chamonix í Frönsku Ölpunum. Við höfðum hugsað okkur að klífa hrygg sem heitir Gervasutti Pillar á NA hlið Mt. Blanc du Tacul. Það er 800 m hár klettahryggur, úr 3400 í 4200 m hæð og leiðin telst vera tuttugu og þrjár klifurspannir, gráðuð T.D.

Það er alltaf jafn fallett að fylgjast með sólaruppkomunni í Ölpunum. Fyrst þessi ljósblái bjarmi og svo eldraður geislinn sem er svo hlýr þegar hann nær okkur og breytir hitastiginu úr fimm stiga frosti í þægilegan hita á augnabliki. Það var lítið mál að finna byrjunina á leiðinni, en það sem leiðarvísirinn sagði að væri létt snjóbrekka upp að leiðinni, var bólvað bras og erfitt klifur í mjög lausu bergi. Aðstæður höfðu greinilega breyst, jökullinn hafði hopað og skilið eftir leirdrullu á öllum syllum. Þegar við komumst loks í leiðina fór fyrst að vera gaman. Bergið frábært, ekki til laus steinn og sólin bakaði mig unaðslega. Það var þó smá taugatitringur í mér. Ég velti því fyrir mér hvort ég hefði færst of mikið í fang. Ég hafði haft þessa leið í maganum í heilt ár og var farinn að bera mikla virðingu fyrir henni. En þessar hugleiðingar hurfu fljótt því allt var fullkomið. Leiðin lýsti sér nokkurn veginn sjálf, bara að fylgja hryggnum. Nú leið mér vel því hver línulengdin var annarri skemmtilegri. Við héldum þó ekki nægum klifurhraða, sérstaklega háði reynsluleysi Fish okkur, en þetta var fyrsta Alpaleiðin hans. Ég hafði verið mjög sannfærandi, þegar ég taldi Fish trú um að hann hefði gaman af að fara þessa leið með mér. Þetta var sumarið 1990 en þá hafði ég þvælst einn um Alpna í tæpar þrjár vikur. Klifrað með hinum og þessum en ekki farið neitt af viti á fjöll og var orðin örvæntingarfullur um að mér tækist að fara nokkuð verulega spennandi. Þegar ég hitti Fish var ég kominn á „klifrara tjaldstæðið“ í Chamonix og hafði kynnst nokkrum klifurum. Við Fish höfðum farið saman í smá klettabrölt til að prófa hvorn annan. Það eina sem ég hafði áhyggjur af var að hann var aðeins átján ára og ekki með mikla reynslu.

Tveir þriggja manna hópar höfðu lagt af stað í leiðina skömmu á eftir okkur. Annar hópurinn snéri fljótlega við, en hinn náði okkur skömmu síðar. Við



Klifurfélagi Páls, Fish, á leiðinni. *Ljósmynd Páll Sveinsson.*

hleyptum honum fram fyrir okkur og hugsaði ég mér að fylgja þeim fast á hæla og losna við að finna réttu leiðina. Okkur gekk illa að halda í við hópinn á undan okkur, þangað til ég fór eingöngu að leiða klifrið. Það var orðið mjög erfitt núna, stanslaus fimmta gráða og bakpokinn létti það ekki. Okkur tókst þó að ná hópnum aftur. Þá kom skyndilega eitthvað svifandi að ofan og í fótinn á mér. Ég hélt að hjartað myndi hætta að slá, en höggið var ótrúlega lítið og ég náði að hanga. Áfram hélt hluturinn og splundraðist rétt fyrir ofan Fish. „Merde“ heyrði ég fyrir ofan mig. Þetta var þá „full“ tveggja lítra vatnsflaska sem var nú sárt saknað af eiganda sínum. Fish gerði mistök, fór vitlausa leið, festi línuna og komst ekki nema tíu metra. Ég var orðinn stressaður og vildi ekki missa sjónar á hópnum sem var á undan okkur. Tíminn leið ótrúlega hratt. Það var erfitt að láta ekki reiðina bitna á Fish en mér tókst að passa mig. Það bætir ekkert að verða vondur út í félagann. Hópurinn á undan var horfinn eina ferðina enn. Mér fannst ég vera eins og mýfluga á blokk. Leiðin virtist ekkert stytast, endalausir klettar.

Ég hafði staðið í þeirri meiningu að þetta væri klettaklifurleið. En nú var bergið orðið rennandi blautt og hált eftir því og allt sem hafði verið í skugga var þakið þunnu lagi af ís. Tútturnar gáfu ekki mikið



viðnám á ísnum. Það stóðu þó stöku nibbur út úr ísnum sem mátti notast við. Þessi spönn var hrikaleg og Fish hafði engan áhuga á að leiða næstu. Við svona aðstæður dettur klifurhraðinn niður. Klukkan var orðin sex og stutt í myrkur og ég var langt frá því að vera viss um hvar ég væri staddur og búinn að týna leiðarvísinum. Hann hafði svifið út í tómíð skömmu áður. Nú var komin þoka og farið að snjóa. Mér var ekki farið að lítast á blikuna og ekki var mikill stuðningur frá Fish. Við vorum búnir að ná aftur hópnum sem hafði farið fram úr okkur áður. Hann hafði valið leið sem ég taldi ranga, og tókum við ákvörðun um að elta þá ekki. Ekki var nokkur leið að sjá hvar best væri að fara. Skömmu seinna vorum við orðnir sannfærðir um að við værum á réttri leið og þegar villtu sauðirnir voru farnir að elta okkur vorum við vissir. Fish var farinn að þreystast og missa áhugann. Ég hafði leitt klifrið síðustu átta spannir og nú vorum við farnir að klifra saman til að halda uppi hraða. Ég var orðinn rennandi blautur í feturnar og loppinn á höndum í nýföllnum snjónum. Þegar klifrið var orðið meira í snjó en á bergi, ákváðum við fara í plastskóna, vettlingana og öll þau fót sem við höfðum meðferðis. Klifrið var ekki lengur erfitt, mestmegnis brölt, en það fór ótrúlegur tími í að finna réttu leiðina. Það var komið svarta myrkur og ekki bætti snjókoman og þokan aðstæðurnar. Hausljósið lýsti ekki nema nokkra metra. Ég var orðinn verulega smeykur um að þurfa að grafa snjóholu til að hýrast í um nóttina.

Við vorum komnir í broddana og búnir að taka fram axirnar, þetta var orðið snjóklifur. Það hlaut að vera stutt á tindinn. Það var sama hvert ég lýsti, snjóbrekkan var endalaus í allar áttir. Í myrkrinu sást ekkert nema línar sem ég dró á eftir mér. Ég var orðin hræddur. Engar tryggingar inni og ég treysti ekki snjónum, hvert skref var léttir út af fyrir sig.

Þegar ég stóð loks á toppnum helltist yfir mig feginleiki. Guðs lifandi feginn að hafa komist upp en þó var ekki allt búið enn. Niðurleiðin hefur reynst mörgum skeinuhætt. Ég hamraði stanslaust á því við sjálfan mig að láta kæruleysið ekki ná tökum á mér. Ég var alveg búinn og langaði helst að leggjast niður og ekki var ástandið skárri hjá Fish. Allar slóðir voru horfnar undir nýfallinn snjó, og í myrkrinu var erfitt að finna leiðina niður. Það hafði tekið á taugarnar að komast upp, en ég hélt að ég myndi ekki lifa niðurleiðina af. Við komumst ekki í tjaldið fyrr en hálf tvö og vorum því búnir að vera á ferð í rúma tuttugu tíma. Ég skreið í pokann og man ekki hvort ég komst úr skónum áður en ég sofnaði.



## LÖGMÁL FERÐAMANNINS

- 1) Göngum ávallt frá áningarstað eins og við viljum koma að honum.
- 2) Skiljum ekki eftir rusl á víðavangi né urðum það.
- 3) Kveikjum ekki eld á grónu landi.
- 4) Rífum ekki upp grjót, né hlöðum vörður að nauðsynjalausum.
- 5) Spillum ekki vatni, né skemmum lindir, hverir eða laugar.
- 6) Sköðum ekki gróður.
- 7) Truflum ekki dýralíf.
- 8) Skemmum ekki jarðmyndanir.
- 9) Rjúfum ekki öræfakýrrð að óþörfu.
- 10) Ökum ekki utan vega.
- 11) Fylgjum merktum göngustígum þar sem þess er óskað.
- 12) Virðum friðlýsingarreglur og tilmæli landvarða.

Höfum þetta í huga og varðveitum þá auðlind sem náttúra landsins er, þannig að við fáum notið hennar um ókomna framtíð.



NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ



# Skónaglinn sem mátti sín meir

Reynt við Istor-O-Nal North (7383 m) í Pakistan



*eftir Ara Trausta Guðmundsson*

Vesturhlíðar Tirich Mir (7706 m) til vinstri og upptök Efri Tirich Mir-jökulsins. *Ljósmynd Ari T. Guðmundsson*

## Ögurstundin

Með því að styðjast fast við skíðastafina og ganga löturhægt gat ég náð til baka til grunnbúða, Babu Base Camp, eftir aðeins tveggja tíma gang. Leiðin lá upp Norbaisomjökulinn, aðallega yfir stórgrýti og lausamöl á hálum ís. Ég hafði snúið við með Eckhardt, sem bauðst til að fylgja mér í þessari reynsluferð. Og nú varð hann að styðja mig síðasta spölinn að tjöldunum. Þar gat ég tæplega staðið í fæturna. Það hrjáði mig ekki hæðarveiki. Ég var bara svona máttfarinn eftir sólarhringsbaráttu við skæða matareitrun. Ég hafði neytt mig í gallann og af stað til að athuga hvers ég væri megnugur; mundi að lyf, nægur vökví og hreyfing án ofreynslu teldust einu ráðin ef ekki ætti að fara sem svo að ég yrði fluttur vannærður, uppþornaður og veikburða til byggða. Ég hafði tekið þá ákvörðun að hverfa ekki ofan úr grunnbúðum til byggða í dalnum, hvað sem það kostaði. Við tjöldin helltist yfir mig undarleg geðshræring; mér varð þungt fyrir brjósti og reyndi að segja sem minnst því að röddin skalf. Ég vissi allt í einu að slagurinn við fjallið var tapaður. Það tæki mig of marga daga að ná nægum styrk á ný og komast í búðir III til þess að reyna við síðasta áfangann á toppinn; við áttum aðeins tíu daga eftir.

Það þýddi lítið að bölvja fjandans matnum hjá gönguhópnum sem ég hafði heimsótt og þegið hjá kvöldverð, það gagnaði ekki að bölvja vankunnáttu leiðangursstjórans í lyfjagjöf og það dugði skammt að áfella DAV-Summit Club fyrir nauma skömmun tímans sem við höfðum til umráða í grunnbúðum. Og þar með hófst fjögurra daga erfiði við að nuddast á lappir, eta graut, drekka hrísgrjónaseyði og te og vafra, næstum á viljastyrknum einum til að byrja með, um nágreannið, í æ lengri ferðir, stundum einn, stundum með Erich. Hann er 68 ára gamall og hafði þarna ráðist í of stórt verkefni; átti auk þess í vandræðum með nýrun. Hann átti sína ögurstund nokkru áður, rétt eins og tjaldfélaginn, hann Kurt, sem vaknaði einn morguninn með lungnabjúg. Hinir hittu fyrir sína ósigra síðar.

## Hindu Kush

Í Pakistan er nóg af háum tindum, allt frá heimspekknum fjöllum eins og K2 í Karakoram, Nanga Parbat í Himalaya og Tirich Mir í Hindu Kush til óteljandi óklifinna 6000 metra tinda.

Hindu Kush er langur fjallgarður í norðvesturhluta Pakistan og nær vesturhluti hans yfir að landamærum Sovétríkjanna og Afganistan. Þar eru einnig hæstu





Með fána Skátabúðarinnar í grunnbúðunum, Babu Base Camp, í rétt um 5000 metra hæð. Í baksýn er snæpíramídi Gulasht Zoom (um 6600 m) og Efri Tirich Mir-jökullinn. *Ljósmynd A.T.G.*

tindarnir: Tirich Mir (7706 m), Noshag (7495 m) og Istor-O-Nal (7403 m) en 7000 metra fjöllin í Hindu Kush eru um 20 talsins; 6000 metra tindar skipta mörgum tugum. Hindu Kush er í raun í allt of litlu uppáhaldi fjallamanna. Karakoram tekur eiginlega við kúfnum af öllum leiðöngnum útlendinga í Pakistan; þar eru fleiri og þekktari háfjöll en í Hindu Kush. En eins og oft áður er ekki allt sem sýnist. Viðast hvar í Karakoram eru gönguleiðir til fjalla að rótum þeirra í 4000-5000 metra hæð en allt að 1000 metrum neðar í Hindu Kush. Klifurleiðir eru því síst styttri í Hindu Kush en í Karakoram og tindarnir glæsilegir. Nú er reyndar verið að „enduruppgötva“ Hindu Kush eftir áratuga hlé að aflokinni aðalvertíðinni þar 1930-1960.

Klifurleiðangrar jafnt sem „trekking“-hópar fara um landsvæðið og þeim fjölgar jafnt og þétt. Fallegir og gróðursælir dalir skerast inn í fjöllin, hver með mörgum smáþorpum, nóg er um há fjallaskörð handa göngufólki og stutt í grunnbúðir við rætur áhugaverðra fjalla. Dalbúar taka ferðamönnum vel enda múslimar þekktir að öðru en ógestrisni. Veðurlag er mun betra í Hindu Kush en í Karakoram. Í ágúst skín sól af heiðum himni alla daga. Nær allar ferðir um Hindu Kush byrja í hinum gamla bæ Chitral (um


50.000 íb.) þar sem líflegir basarar og háreist moska skreyta bakka harðskeyts jökulfljóts en Tirich Mir gnæfir að baki. Til Chitral er flogið frá Peshawar eða ekið í tvo daga um Lowari-skarðið en frá bænum liggja leiðir til allra átta í opnum jeppum eftir vondum og tæpum vegum inn dali. Yfirleitt þarf að aka í einn til fimm daga til þess að komast í áfangastað og það er æfintýri fyrir sig; standandi með klút fyrir vitum aftan á ólmum jeppa utan í þverhnípi með beljandi á fyrir neðan.

### Skónaglinn

Istor-O-Nal er þriðja hæsta fjall Hindu Kush og líklega hið tólftha hæsta í Pakistan. Það rís með Tirich Mir, Noshag og fleiri 7000 metra fjöllum í hvirfingu við dalhvilft mikla þar sem fimm skriðjökla mætast. Nafnið merkir skónagli á máli héraðsbúa; hvers vegna veit ég ekki. Skilgreina má 7 tinda á Istor, þar af eru þrír áberandi hæstir og mestir, allt píramíðar á bilinu 7300-7400 metra háir. Bretar reyndu fyrstir við Istor, 1929 og 1935, náðu þá 7100 metra hæð. Tveir Bandaríkjamenn komust á vesturtindinn 1955 (7280 m). Það var ekki fyrr en 1969 að tókst að klífa hæsta tindinn (suðausturtindinn, 7403 m). Það gerðu Spánverjar.



Árið 1971 tókst Júgóslöfum að komast á suðvesturtindinn og fáeinir aðrir leiðangrar hafa verið á fjallinu. Austur- og norðausturtindurinn eru enn óklifnir. Norðurtindurinn (7383 m) stóð lengi í mönnum enda varla gerlegt að komast á hann nema að fara aftur fyrir fjallið og til þess verða menn að finna leið um Norbaisom-jökulinn og hliðarjökul er fellur úr vesturhlíðum Istors. Það tókst árið 1967 (Kurt Lapuch og félagar frá Graz í Austurríki). Sú leið var aðeins farin tvisvar eftir það. Hollendingar klifu hana 1976 (Ronald Naar o.fl.) og bæverskur leiðangur 1987 (Alfred Fendt o.fl.). Þessa leið valdi fyrirtæki í tengslum við Þýska Alpasambandið (DAV) til þess að auglýsa sem áhugavert takmark leiðangurs með öllum 12 „sætunum“ til sölu. Og í hann skráði ég mig snemma árs 1992, vitandi það að eftir þrjá 6000 metra tinda í Bólívíu (upp í 6500 m) og með þó nokkra reynslu í ís og snjó að heiman ætti ég að geta ráðið við það sem skilgreint var sem „erfið ísleið fyrir góða ísklifra“ í umræddri hæð. Ferðin kostaði rúmlega 300.000 krónur og mér tókst að fá ýmist peninga eða fyrirgreiðslu hjá nokkrum aðilum (Radíóbúðinni, Skátabúðinni, Stöð 2, Gym 80) til þess að létta eigin fjárútlát. Ég valdi fremur þessa ferð en ýmsar aðrar af því að fjallið er vel yfir 7000 metra hátt og áhugaverðara til klifurs en rúmlega 7000 metra há „göngufjöll“ eins og Mustagh Ata í Kína, Trisul á Indlandi og Spantik í Pakistan.



Kort af Hindu Kush. Leiðin sem farin var að Istor-O-Nal er sýnd með slitinni línu. Kort: MTG.

### Aðeins tvær vikur

Það er löng leið frá Reykjavík til Chitral. Það tók mig 8 daga að komast þangað ásamt hinum 7 leiðangursmönnum, þremur Austurríkismönnum (einn þeirra var leiðangursstjóri) og fjórum Þjóðverjum. Mér þótti fyndið að vera yngsti maður hópsins. Eftir aðra 4 daga stóð ég í grunnbúðum í 4950 metra hæð. Við gengum þangað úr 2300 metra hæð á aðeins 3 dögum með 50 burðarmönnum og samtals hálf tonn af farangri. Eftir urðu þar með okkur þrír Pakistanar (frá Hunza) til að kokka og aðstoða okkur í grunnbúðum. Strax daginn eftir komuna þangað var hafist handa við að ferja farangur (á okkur sjálfum) áleiðis upp Norbaisom-jökulinn. Leiðin er mjög ógreiðfær; sérlega stórgrýtt jökulurð og ferlegir ísturnahryggir á milli urðarrana sem teygjast úr öllum fjallshlíðum við jökulinn. Það tók þrjá daga að koma fyrstu birgðunum (tjöldum, eldunartækjum og mat) í búðir I í 5850 metra hæð og merkja þangað færa leið eftir umræddum jökli og hliðarjöklinum frá Istor. Leiðin upp hliðarjökulinn var hættuleg vegna ís- og grjóthruns úr nær öllum áttum. Þegar við loks sáum vesturhlíðarnar í hvíltinni inn af þeim jökli skildist okkur um leið að líklega tækist aldrei að koma öllum á tindinn á innan við tveimur vikum sem eftir voru.

Það var upp tvo úfna falljökla að fara og síðan þversprungna hvilft, upp á hrygg og eftir honum á klettahausinn á hátindinum. Fyrstu viðbrögð einkenndust af vonbrigðum og við ræddum möguleikana til þess eins að komast að þeirri niðurstöðu að breyta uppgöngunni. Í stað 2-3 atlagna að tindinum og búðum handa öllum myndu tveir þeir öflugustu leggja leiðina einir og reyna við tindinn en hinir byggja upp þrjár búðir; þær efstu með aðeins einu tjaldi. Þegar hér var komið sögu hafði einn okkar fengið lungnabjúg og horfið af fjallinu með enn öðrum leiðangursmanni og fararstjóra (sem allir komu þó misfljótt aftur upp). Tveimur dögum síðar datt ég út í fjóra daga vegna matareitrunarinnar. Það kom í hlut leiðangursstjórans, Ernsts og fjallaskíðakappans Norberts að leggja tvær erfiðar 500-700 metra ísleiðir upp falljökla, með 450 metrum af föstum línum. En tindinum náðu þeir ekki vegna þreytu og of hraðrar uppgöngu; snéru við í 6900 metrum. Við hinir komust þá að þeirri niðurstöðu að þrír skyldu reyna úr hópnum sem eftir var í Búðum III (6700 m) m.a. með því að taka með sér eitt tjald upp í 7000 metra. Við sjúklingarnir, ég og Kurt, sá sem hafði fengið lungnabjúginn en jafnað sig að nokkru, skyldum vera bakvarðasveitin. Norbert lét ekki segjast og vildi slást





Búðir I í um 5850 m hæð, við jaðar neðri falljökulsins. Ís- og grjóthrun var mikið á þessum slóðum og þessi staður líklega sá eini öruggi á margra ferkílómetra svæði. Búðir II voru fyrir ofan fallið (í þokukófinu) og Búðir III við jaðar efra fallsins í um 6700 metra hæð. *Ljósmynd A.T.G.*

aftur í tindagengið án þess að hvílast í grunnbúðum fyrst.

Þessi tilraun fór líka út um þúfur. Norbert gafst fyrstur upp, síðan hinir þegar ský, ofankoma, skafrenningur, hnédjúpur snjór og myrkur neyddu þá til þess í u.þ.b. 7200 m hæð. Og það sem verra var: Á síðasta degi. Þar næsta dag stæðu burðarmennirnir tilbúnir í grunnbúðum. Þeirri áætlan var ekki haggað. Daginn þann snjóaði líka og við sáum ekki Istor eftir það.

### Af hverju

Margt hjálpaðist að við að gera okkur Istor svona torfenginn. Árin fimm er liðu milli fararinnar 1987 (leiðarlýsing var miðuð við skýrslu úr henni) og okkar voru jöklunum greinilega góð afkomuár. Leiðin hafði breyst og úfnað, staðir til að koma fyrir búðum á voru aðrir og veðraskiptin í ágúst/september urðu fyrr en áður. Hún var mun erfiðari en af upplýsingum mátti ráða. DAV-Summit Club ætlaði okkur of skamman tíma miðað við aðstaður og við vorum a.m.k. viku of seint á ferðinni. Við hvíldum okkur ekki eftir snögga ferðina í grunnbúðir og sóttum of hratt upp í mun meiri hæð. Þá var greinilegt að stór hluti hópsins flýtti sér of mikið á göngu og gleymdi því að háfjallamennska er

hægferð um náttúruna; menn sprengdu sig einfaldlega. Menn gáfu sér ekki nægan tíma til þess að pæla í áætlun heldur létu mál skipast eftir hendinni. Auðvitað skrifast margt af þessu á reikning fararstjórans. Hann hafði enga reynslu af háfjallamennsku en var hins vegar meðal betri kletta- og ísklifrara á Alpavísu. Steinolúprímusar sem okkur voru ætlaðir reyndust ekki vel og kom fyrir að matar- og vatnsskortur háði mönnum í háfjallinu. Þá munaði líka mikið um tímabundið fráhvarf þriggja leiðangursmanna vegna ólíkra kvilla. Eins og oft þegar ósamstilltur hópur tekst á við svona verkefni reyndist erfitt að fá menn til að hlusta á gagnrýni eða viðurkenna að þeirra „taktík“ væri röng. Að öllu samanlögðu tel ég að ólíkar skoðanir þátttakenda á glímunni við fjallið, tímabátturinn og of snögg hækkan hafi í raun þegar í upphafi dæmt leiðangurinn til ósigurs. Auðvitað var ferðin afar lærdómsrík og góð en punktin vantaði yfir i-ið. Öllum þessum skoðunum og allri gagnrýni hef ég komið á framfæri við skipuleggjanda ferðarinnar og hef fengið staðfest að orð mín og annarra úr leiðangrinum verði til þess að boðið verður upp á Istor-O-Nal North næsta ár með breyttum áherslum.



### Af þessu leiðir....

Hálfjallamennskunni fer hægt fram hér á landi. Íslendingar ná hægt að hækka sig í erlendum fjöllum eða vinna þar afrek. Við tilraunirnar er margt að athuga og af þeim má margt læra. Ég tel að oftast hafi menn ekki réttar hugmyndir um þessa tegund fjallamennsku. Í fyrsta lagi er einblínt á að íslenskir hópar skipuleggi leiðangra sína sjálfir. Það á að koma síðar. Á undan er rétt að einn eða fleiri Íslendingar taki þátt í tilbúnum leiðöngrum. Þeir síðarnefndu eru yfirleitt ódýrari en heimatilbúinir leiðangrar, þegar vinnan er meðtalin. Þeir gera líka að verkum að einstaklingar eða litlir hópar geta náð sér í reynslu. Í öðru lagi hugsa menn of stórt, vanmeta gildi mikillar reynslu og vanmeta erfiðleika í fjöllum yfir 5000 - 6000 metrunum. Hafi einhver farið í Alpna á fáeina eða allmarga tinda telur hann sig færan hvert sem er, jafnvel á 8000 metra tindana; svo ekki sé talað um hafi hann stigið yfir 6000 metra.

Um þetta vitna sorgleg dæmi. Í öllum löndum þar sem háfjallamennska er stunduð af afli vinna menn sig hægt upp í hæðar- og erfiðleikakvarðanum. Óskhyggja og oftrú á eigin getu eru mjög hættulegir fylginautar á 6000-8000 metra tindum. Í þriðja lagi má ÍSALP ekki láta fyrirætlanir félaga sinna á þessu sviði

afskiptalausar, þ.e. þeir fáu sem hafa reynt sig í háfjöllum eiga að miðla öðrum (og hvorum öðrum) af reynslunni á gagnrýnninn hátt. Allt þetta hafði ég þegar hugsað eftir atburðina í Nepal þegar sorgarsagan endurtók sig á Pumo Ri. Reynslan í Pakistan styrkti skoðanir mínar enn frekar. Af þessum fáeinu orðum mínum vil ég draga þessar ályktanir:

1. Við erum ekki tilbúnir að takast á við 8000 metra fjöll. Mun fleiri þurfa að komast mun oftár á 6000 og 7000 metra fjöll áður en af því getur orðið. Tvö til sex þúsund metra hæðarskref eru of stór, of áhættusöm og of barnaleg til þess að þau sæmi íslenskum fjallamönnum. Langmest af reynslu sem nýtist í háfjallamennsku kemur úr háfjallamennsku en ekki úr fjallamennsku í Ölpunum eða á Íslandi.

2. Menn eiga að kaupa sig inn í erlenda leiðangra, helst 2-3 saman, um nokkra hríð a.m.k.

3. Það á að stofna litla nefnd 2-3 manna innanfélags sem þekkja eitthvað (á íslenskan mælikvarða) til háfjalla og hvetja félagi ÍSALP til þess að nýta hana til aðstoðar og virða orð hennar.




Á leið frá Istor-O-Nal. Burðarmennirnir komu á tilteknum degi eftir 15 daga veru leiðangursmanna í grunnbúðum en það reyndist a.m.k. einni viku of lítið og of síðla sumars. *Ljósmynd A.T.G.*



# LÁTUM LANDIÐ Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum  
eða flöskubrotum á víðavangi.





# Á hjólum yfir Vatnajökul



*eftir Harald Örn Ólafsson*

Á austanverðum jöklinum. Kverkfjöll í fjarska. *Ljós*m. Haraldur Örn Ólafsson.

Þetta var ein af þessum drungalegu sumarnóttum þegar þokan leggst eins og þykkt teppi yfir landið. Ég var í hlýjum jöklafatnaði og svitinn bogaði af mér undan erfiðinu. Í kringum mig var ekkert nema svartur ís og þoka. Ég sá ekki til félaga minna en heyrði í þeim einhversstaðar í þokunni. Það var erfitt að hjóla á ósléttum ísnum og oft þurfti að teyma hjólin. Þotan kippti fast í hjólið og ég missti jafnvægið. Mér leið eins og það væri ekkert sjálfsagðara en að vera á reiðhjóli á jökli en ég er viss um að ef einhver hefði séð til okkar þá hefði sá hinn sami talið okkur gengna af göflunum. Við vorum fimm félagar á leiðinni upp á Vatnajökul aðfaranótt 12. júlí 1992. Okkur var ekið að Snæfelli og þaðan lögðum við á jökulinn milli Eyjabakkajökuls og Brúarjökuls. Fyrsti áfangastaður var Grímsvötn en þaðan var farið í Jökulheima. Tilgangur ferðarinnar var að fara í fyrsta skipti yfir jökul á reiðhjóli og ekki nóg með það, heldur lengstu mögulegu leið á jökli á Íslandi.

Þetta var djörf áætlun sem fáir höfðu trú á. Hjól eru almennt ekki vel til þess fallin að nota í snjó og höfðu þess vegna margir spáð okkur hrakförum. Verslunin G. Á. Pétursson útvegaði okkur Moongoos fjallahjól af bestu gerð ásamt ýmsum öðrum búnaði. Dekkin

undir hjólin voru mikilvægasti þátturinn í búnaðinum. Annarsvegar voru meðferðis dekk sem við höfðum neglt til að nota á ís og hinsvegar breið og belgmikil dekk fyrir mjúkt færi.

Farangurinn var geymdur í hjólatöskum sem festar voru á hjólin að aftan og framan og í þotum sem við drógum á eftir okkur með heimasníðuðum útbúnaði. Við höfðum „Trimble Navigation“ tæki með okkur til að reikna út staðsetningu okkar, en það er eitt minnsta GPS tækið í heiminum fyrir almenningssnot. Næsta dag eftir vöknudum við um það leyti sem flestir landsmenn snæða kvöldverð. Þetta var gert af ásettu ráði. Til þess að geta hjólað þurftum við að ferðast á nóttunni og fá hart færi. Við vissum vel að ef við fengjum ekki léttskýjað veður myndi snjórinn ekki frjósa og við gætum ekki hjólað. Þess vegna var það mikill léttir að sjá að þokan var á bak og burt og himinninn heiður. Ég svaf í tjaldi með Ingimundi, en Sigursteinn, Guðmundur og Ingþór voru saman í hinu tjaldinu. Við lögðum af stað um miðnætti. Sólin settist í norðri með ótrúlegri litadýrð. Kverkfjöll, Herðubreið og Snæfell skórtuðu sínu fegursta. Í suðri skein máninn og virtist vera svolítið einmana samanborið við alla dýrðina í norðri. Í fyrstu var færið of mjúkt til



að hjóla og við drógum hjólin á þotunum. Við vorum enn að aðlagast lífinu á jöklinum og okkur miðaði hægt áfram. Oft þurfti að stoppa og hagræða búnaði. Snjórinn var nýlegur og full loftmikill. Um nóttina myndaðist skel á yfirborðinu og þá gátum við hjólað. Hún var þó ekki alltaf nógu sterk þannig að dekkinn sukku niður undan þunganum. Við fundum fljótt út að best var að hafa sem mest af farangrinum á þotunum til að létta á hjólunum. Við settum breiðu dekkinn undir og hleyptum mestu loftinu úr til að auka flotið. Með þessu náðum við að hjóla mun meira en við hefðum annars getað gert. Færið skánaði mikið eftir því sem við komumst herra og lengra inn á jökulinn. Við stefndum á Grímsvötn. Góða veðrið hélst næstu tvo daga. Við vorum farnir að venjast störfum hvers dags; tjalda, elda, sofa og hjóla. Við tókum þátt í morgunleikfiminni á rás 1 áður en við fórum að sofa til að teygja á vöðvunum eftir erfiða nótt. Við fórum nú yfir 20 km á nóttu í stað 5 eða 13 km fyrstu næturnar. Við ferðumst mun styttri tíma á hverjum sólarhring en ég er vanur á gönguskíðum, eða um í um 6 klst. Við gátum aðeins hjólað þann tíma næturinnar sem yfirborð jökulsins var hart. Við nýttum hann vel og hjóluðum af kappi. Þegar færið er gott kemst maður tvímælalaust hraðar á hjóli en gönguskíðum en vandamálið er að það þarf ekki mikið að vera að færi

til þess að hjólið sé orðið dragbítur. Hins vegar eru gönguskíði alltaf til gagns. Þess vegna er mikilvægt að velja sér gott færi þegar hjólað er á jöklum. Helstu tækifærin gefast á heiðskírur sumarnóttum og í harðfenni og frosti á veturna. Við drógum sjálfir allan okkar mat og farangur og gerði það hjólreiðarnar að sjálfsögðu mun erfiðari. Án farangurs væri hægt að hjóla jökulinn á stuttum tíma við góðar aðstæður. Þoturnar reyndust afbragðsvel. Án þeirra hefðum við aldrei komist yfir. Þegar við hjóluðum höfðum við mestan farangurinn á þeim og þegar við gátum ekki hjólað settum við hjólin á þoturnar. Á daginn höfðum við nægan tíma til að hvíla okkur og sofa en þá var snjórinn blautur og vonlaus til hjólreiða.

Engin leið var að hjóla á daginn, jafnvel án farangurs. Fimmtu nóttina lögðust þykk ský yfir jökulinn og ljóst var að ekki myndi frjósa. Þá var ekki um annað að ræða en að setja hjólin á þoturnar og draga. Það var dimmt og drungalegt en þrátt fyrir það vorum við í besta skapi. Tunglið skein af og til í gegn og varpaði draugalegri birtu í kringum okkur. Fremsti maður tróð blautan snjóinn og aftasti maður tók áttavítastefnu. Grímsvötn voru einhversstaðar í þokunni 23 kílómetra í burtu og þangað stefndum við. Þegar líða tók á nóttina létti til í stutta stund og þá sáum við Grímsvötnin. Við gengum rösklega því við



Hjólað á jökli. *Ljós. Haraldur Örn Ólafsson.*





Áð ofantil á Tungnaárjökli. Í baksýn er Hamarinn. *Ljósm. Haraldur Örn Ólafsson.*

hlökkudum til að koma í skálann á Svíahnjúk. Við vorum í svo góðu skapi að við ræddum um að ef eitthvað líktist himnaríki þá væri það þetta. Þegar komið var í Grímsvatnaskála var íslenska fánanum flaggað og skálað í konfaki enda veitti ekki af eftir að hafa gengið 23 kílómetra í blautum snjó með hjól og annan búnað í eftirdragi og síðan upp á Svíahnjúk. Við höfðum með okkur lykil að stærri skálanum sem er eins og höll að innan. Hreinlæti fyrir utan skálana er mjög ábótavant og mikill lýtir á annars dásamlegum stað. Meðal annars er brýnt að leysa salernisvandamálið. Næsta dag var veðrið enn leiðinlegt, strekkings vindur og þoka. Við vorum hvíldinni fegnir og eyddum deginum í lestur og ljósmyndun. Næsta dag var veðrið áfram leiðinlegt. Þá var ekki um annað að ræða en að skella sér í gufubað. Við tókum stærra tjaldið okkar og tjölduðum því yfir rör sem blæs út gufu sem myndast vegna jarðhita í Grímsvötnum. Menn voru sammála um að það væri ómissandi reynsla að sitja nakinn í gufubaði

á miðjum Vatnajökli. Eftir gufubaðið náðum við fjarskiptasambandi við byggð og komum skilaboðum áleiðis um það hvenær ætti að sækja okkur í Jökulheima. Næstu nótt lögðum við af stað. Við náðum að hjóla hraðar og lengra en nokkurn tíma áður enda fórum við niður í móti með vindinn í bakið. Alls fórum við 25 kílómetra um nóttina.

Þegar við tjölduðum blasti við okkur allt miðhálendi Íslands í morgunroðanum. Níundu nóttina á jöklinum vorum við í léttu skapi. Enda aðeins 20 kílómetrar eftir. Færið var gott og við hjóluðum af stað. Allmargar sprungur urðu á vegi okkar en þó ekki stærri en svo að við gátum hjólað yfir þær. Skömmu áður en við komum niður fyrir snjólínuna urðu á vegi okkar heilmikil krapasvæði. Við óðum vatnsósa snjóinn í miðjan kálfa og skórnir fylltust af vatni en okkur var alveg sama, ferðin var brátt á enda.



# Fjórtán feitir fílar á flugi eða ....

*eftir Jón Hauk Steingrímsson*

Hvar í ósköpunum eru allar þessar nýju leiðir sem Palli var að tala um? Ég var búinn að sitja í um 20 mínútur ofarlega á hryggnum austan við skálina inni í Hrútagadal (norðan í Esju) og skoða hamrabeltin og útsýnið almennt án þess að sjá neinar greinilegar línur upp þilin fyrir miðjum dalnum.

Skýndilega heyrðist mannamál, hjartað missti úr slag og „einn í heiminum“ tilfinningin og kyrrðin ruku út í veður og vind. Það var nefnilega þannig þennan „saklaus“ sunnudagsmorgun, 10. maí, þegar prófum var rétt að ljúka að ég ákvað að fara í gönguferð upp í Hrútagadal. Markmið ferðarinnar var frekar einfalt, það að lyfta sálinni á aðeins hærra tilverustig eftir nokkurra vikna inniveru og svo að skoða nýjar leiðir sem Palli og Helgi höfðu farið þarna einhvers staðar fyrir nokkru. Vorið var búið að vera með eindæmum gott og leiðir í norðurhlíðum voru enn í aðstöðum, eða rétt að komast í þær.

Þarna niðri í skálinni voru þá tvær þústir á röltinu og greinilega í hrókasamræðum. Ég ákvað ganga til þeirra og sjá hverjir væru þar á ferðinni. En ég vissi ekki þá að þar með var rólegheita gönguferðin úr sögunni. Þegar nær dró kom í ljós að þústirnar voru Palli og Guðmundur Helgi. Þeim brá sjálfsgat á líka mikið þegar ég kallaði til þeirra og mér hafði brugðið nokkru áður. „Ertu með græjur?“ kallaði Helgi snarlega til baka „já já“ stundi ég lafmóður. Græjurnar höfðu fengið að fljóta með um morguninn svona til að hafa eitthvað í pokaum. „Það var ekki verra, kemurðu ekki bara með?“ „Jú jú“ svaraði ég, „en hvað á að gera?“ „Við vorum að spá í að fara upp hvíltina þarna“ svarar Palli og bendir eitthvað upp eftir. Enn sá ég ekki neina leið en fylgdi samt á eftir. Þegar ofar kom fóru línur aðeins að skýrast og ég var meira að segja farinn að sjá leið upp hvíltina, en fjandi var nú hengjan stór sem slútti þarna yfir. Hengjan virtist þó hafa einhvern veikleika lengst til hægri í hvíltinni. Þá var ekki eftir neinu að bíða, bara að byrja. Helgi átti fyrstu spönn. Línan rann hratt út til að byrja með en svo hæðist á.

„Þetta hlýtur að vera soldið strembið, hann er nú ekki vanur að láta mann bíða eftir sér“ sagði Palli en ég hummaði eitthvað á móti. Það er ekki hægt að segja annað en að þessi spönn væri mjög stíf og var ég frekar sáttur við að vera í því hlutverki að koma síðastur. Sem

þýddi engar skráfur, ekkert vesen, bara klifra og hafa það „gott“ en með tilheyrandi naglakuli og þeim arúm sem því fylgja.

Framhaldið lá nú nokkuð ljóst fyrir. Það var að hliðra u.þ.b. eina spönn yfir hvíltina, svo virtist vera ein spönn upp undir hengjuna og að lokum hengjuspönnin sjálf. Ekki hafði hengjan minnkað á meðan við vorum að klifra fyrstu spönnina, þó svo það væri stöðugt hrun úr henni yfir okkur. Palli tók hliðrunina og var eldsnöggur yfir. Ég átti svo næstu spönn, sem sagt að komast í megintryggingu eins nálægt hengjunni og mögulegt var því klifur yfir hengjur er sennilega ekki ofarlega á vinsældarlistanum hjá neinum, sérstaklega ef langt er í næstu tryggingu. Eftir tvö frekar þægileg höft kom ég fyrir horn og út á mjög brattan snjófláa sem mér leist ekkert á en ekki tók betra við þegar ég horfi upp í hengjuna 25 metrum ofar og sá að þessi veikleiki sem átti að vera í hengjunni var alls enginn veikleiki, því hengjan slútti lárétt út um 1,5 til 2 metra þar sem minnst var og hátt í 3 til 4 metra þar sem mest var. Til allrar lukku sýndist mér tveir ískollar ná upp úr snjónum ca. 10 metra undir hengjunni þar sem hún slútti minnst.

Eftir að hafa eitt góðum tíma í að koma inn skráfu í síðasta ísbólstrann var ekkert annað að gera en að taka skaflinn í fangið og halda áfram. Skráfunni treysti ég þó tæplega því eitthvað fór lítið fyrir ísnum sem skilar sér venjulega út úr skráfunum. Þegar ég kom upp að efri ískollinum hélt hjartað veislu, ísinn virtist ætla að halda ágætlega og snjórinn hafði ekki verið eins slæmur og ég bjóst við. Hengjan var samt eftir og það kom í hlut Helga að kljást við hana. Eftir talsverðar bollaleggingar og vandlega skoðun á hengjunni og nágrenni var mælt fyrir göngum og byrjað að moka. Mokstur með ísöxi er ekki sérlega hraðvirkur og ekki voru aðstöðurnar þarna til að flýta fyrir. Loks eftir rúmlega klukkutíma puð hjá Helga og stanslausu skothríð hjá okkur hinum stakkt ísöxin í gegn og mikil varð gleðin hjá tveim köldum og stirðum sálum þá. Helgi tróð sér í gegnum gatið og upp á brún. Næstur var Palli, eitthvað hafði hann það á orði að gatið hefði mátt vera stærra. Ég var síðasti biti í háls. Það var ótrúlega ljúft að byrja að hreyfa sig aðeins og ennþá betra að stinga hausnum upp um gatið. En Adam var ekki lengi í Paradís því snögglega varð allt fast. Ekki komst ég í





Klakahöllin í Hrútadal. *Ljós. Páll Sveinsson.*





Á leið upp snjóhengjuna. *Ljós. Páll Sveinsson.*

gegn þótt ég sé í „kjörstærð“ og engan áhuga hafði ég á því að fara niður aftur. Í öllum flýtinum hafði ég gleymt að taka af mér pokann og nú sat allt fast. Eftir talverðan barning og spörk, skaust tappinn úr flöskunni og flatlendið upp á brún lá að fótum okkar. Klukkan var nú langt gengin í kvöldmat og próflestur dagsins farinn fyrir bí. En eftir situr minning um

saklausa gönguferð sem breyttist ansi snögglega í eina erfiðustu leið eða allavega þá óvenjulegustu, ef lítið er á endinn, sem ég klifraði á þessari vertíð.

*Leið: Klakahöllin í Hrutadal V gr. 120 m.*

*F.F. 10. maí 1992 Guðmundur Helgi Christensen, Páll Sveinsson og Jón Haukur Steingrímsson.*




# CARAVAN

**FYRIR ÞÁ SEM ÞORA, ÞAR SEM AÐRIR HIKA!**

## EXPEDITION ▲ svefnpokar

### CARRY COMBI -30°C

Margreyndur svefnpoki sem hefur náð miklum vinsældum. Góður kostur fyrir erfiðar aðstæður. Carry Combi er í raun tveir svefnpokar, innri pokinn með dúnfyllingu en sá ytri með gerviefnum úr hæsta gæðaflokki. Vandaður hlífðarsekkur, með ólumlum til að pressa pokann saman, fylgir.



## EXPEDITION ▲ bakpokar

Fullkomnir bakpokar fyrir erfiðustu aðstæður – stillanlegt bak, vandað belti, snjólok, hliðarrennilásar og stillanlegt rými. Einnig minni bakpokar af ýmsum gerðum.



**MIKLIGARÐUR VIÐ SUND**

Póstsendum  
Sími: 692000



# Morgunstund gefur gull í mund

*eftir Valdimar Harðarson*

„Komiði! Ég er búinn að finna stiku!“ kalla ég og eitt og eitt tínast þau til mín. Við erum stödd í Botnssúlum, 10 saman, í um 900 m hæð í skarðinu milli Syðstu- og Miðsúlu. Það er laugardagurinn 8. febrúar 1992. Veðrið er hreint út sagt ömurlegt; slydda, þoka og rok. Við erum öll blaut í gegn. Það var búið að taka okkur hálf tíma bara að finna skarðið sem

maður, í eðlilegu árferði, endar yfirleitt sjálfkrafa í. Í allt vorum við búin að vera 4 tíma á leiðinni úr Svartagili. Eina huggun mín var sú að það yrði sennilega sama skítviðrið á morgun og þá gæti maður með góðri samvisku legið í leti niðri í Bratta.

Morguninn eftir vakna ég snemma og nenni ekki upp úr pokanum. Ég velti mér yfir á hina hliðina og



Norðurveggur Syðstusúlu. Leiðin liggur upp breiða gilið sem nær upp í miðjan vegg hægra megin. Síðan upp íslænuna á toppinn. *Ljósm. Jón Haukur Steingrímsson.*



horfi á gluggann en sé bara hvítt. „Sjúkk“ hugsa ég „það er þoka“. Ég hlusta og finnst ég heyra vindgnauð. Í þann mund sem ég ætla að velta mér á hina hliðina og fara að sofa kemur Jón Haukur svífandi úr efri kojunninni með látum og skarkala eins og honum einum er lagið. Hann snarar sér að glugganum og skefur blátt gat á þokuna mína. „Andsk...“ hugsa ég, „þetta var þá bara hrím á glugganum“. Skyndilega finn ég hann svo sletta ísköldu og slepjulegu hríminu í andlitinu á mér. „Vaknaðu letingi. Förum að klifra. Það er helv... flott lína upp norðurvegg Syðstusúlu“. Hugsunin um að fara upp úr heitum svefnpokanum og í frosnu fötin læðist að mér. Ég drösla mér að glugganum og kíki út. Þessi „flotta lína“ hans er í mínum augum ekkert nema leifar af ísfossi sem hefur lagt af stað niður miðjan vegginn en ákveðið að leka frekar einhvers staðar annarsstaðar þegar hann var hálfnaður niður. Neðri helmingur „línunnar“ var svo klifur upp um 40 m af létthrímuðum, lóðréttum klettum, sem héðan frá séð virtust ekki bjóða upp á marga tryggingamöguleika. „Það er að koma ský yfir“ umla ég og fer aftur upp í koju. „Sofum í klukkutíma og athugum svo málið“. Áður en ég loka augunum vona ég að hið almáttuga geri mér þann greiða að sturta einhverjum slatta af skítviðri yfir Súlnar. En allt kemur fyrir ekki og 20 mínútum síðar er Jón Haukur kominn aftur, núna í fullum klifurklæðum. „Komdu þér á lappir. Við erum að fara!“ Hvað var hann að meina? Þessir „við“ eins og hann orðaði það vorum ég og hann, og ég var ekkert búinn að gefa það í skyn að á mér væri neitt fararsnið. Aftur skrónglast ég að glugganum og sé að fyrir utan nokkur háfleyg ský yfir Þingvallavatni var himininn heiður og blár. En, „það þýðir ekki að deila við dómarann“ eða öllu heldur „það þýðir ekki að tjónka við Jónka“. hann hafði unnið fyrstu lotu og korteri síðar var ég að troða mér í gaddfreðna skóna.

Næsta vandamál var að fá hann ofan af því að reyna þennan hálfa foss sem þarna blasti við okkur á miðjum, gráum norðurveggnum. „Mér lýst miklu betur á skoruna þarna“ segi ég og bendi á snjólænu, sem virðist án teljandi erfiðleika, austast á veggnum. „Kíkjum fyrst á hina“ er svarið og svo er þrammað áfram.

Eftir því sem við komum nær leiðinni virðist brattinn alltaf minnka og einnig kemur í ljós leið til þess að leysa þetta vandamál með neðri hlutann. Það væri hægt að brölta upp gil sem liggur vestan við klettahlutann og hliðra svo nánast lárétt yfir í neðstu spýjurnar úr fossinum. Hliðrunin færi samt fram á sömu hrímuðu klettunum en þetta væri samt töluvert meira stallað. Þegar við komum að gílinu lítur þetta bara alls ekki svo illa út. Gilið er fullt af snjó og í því er um 5 m íshaft. Til að spara tíma klifrum við línulausir. Um 30 m ofar gerum við svo klárt fyrir



Í Morgunfýlu. Ljós. Jón Haukur Steingrímsson.

klifrið, ég græja megintryggingu en Jón Haukur, sem er þess heiðurs aðnjótandi að fá að taka fyrstu spönn, gerir sig kláran fyrir hliðrunina. Svo leggur hann af stað. Stallarnir eru mun stærri en við höfðum haldið svo hann er fljótur þessa 20 m út í ísinn. Þaðan er svo klifrað beint upp fossinn sem er um 70-80 gráðu brattur með lóðréttum köflum. Tuttugu metrum ofar kemur hann upp á stall og tekur mig upp. Eftir því sem ofar dregur minnkar brattinn og í lok annarrar spannar er ég kominn í snjó. Síðasta spönnin er svo tekin með hlaupandi tryggingum og endar hún uppi á hrygg sem liggur svo á topp Syðstusúlu. Klifrið tók um 2 1/2 klst. og var mjög skemmtilegt.

Þegar við komum á toppinn var útsýni til allra átta, frost 10-15 gráður og logn. Þetta var sannkallaður „alpafílingur“. Þar sem við vissum ekki hvort þessi leið hefði verið klifin áður, ákváðum við að gefa henni nafn. Jón Haukur kom með hið fullkomna réttnefni, sérstaklega ef tekið er mið af hressleika mínum þarna um morguninn. Teljum við leiðina af 3.-4. gráðu sökum lengdar, um 200 m, og köllum hana Morgunfýlu.



# Fjallamenn og annað ferðafólk !

**gangið í Ferðafélag Íslands  
félag allra landsmanna**



Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Ferðafélaginu. Árgjaldið 1993 er kr. 3.100 og er árbók innifalin. Félagar, makar þeirra og börn, greiða lægra fargjald í helgar- og sumarleyfisferðir og lægra gistigjald í sæluhúsum félagsins. Fréttabréf kemur út fimm sinnum á ári.

Árbækur Ferðafélagsins eru einhver vandaðasta  
Íslandslýsing sem völ er á

Í ár er árbókin um Austur-Skaftafellssýslu (við rætur  
Vatnajökuls) en að ári Hornstrandir

---


---

Ferðafélag Íslands  
Mörkinni 6 (austast við Suðurlandsbraut)  
108 Reykjavík  
sími 682 533 fax 682 535



# Ævintýramaðurinn Messner

## Haraldur Örn Ólafsson tók saman



Reinhold  
Messner

*Reinhold Messner er fæddur 1944 í Suður Tyrol. Hann er einn þekktasti fjallamaður heims og er það ekki að ástæðulausu. Það yrði langt mál að telja upp öll þau afrek sem Messner hefur unnið enda er hann einn afkastamesti fjallamaður sem uppi hefur verið. Í janúar 1992 kom hann hingað til lands á leiðinni til Grænlands. Ég átti með honum notalega kvöldstund þar sem við ræddum um fjallamennsku og litríkan feril hans. Hér á eftir fer hluti af því samtali með hans leyfi.*

**Var það alltaf ætlun þín, þegar þú varst ungur, að verða frægur klifrari?**

Nei.

**Hvernig hugsaðir þú um framtíðina?**

Þegar ég var ungur þá var ég alveg tilgerðarlaus klifrari. Ég hafði enga hugmynd um klifursögu, klifurbókmenntir eða klifurblöð þangað til ég varð 16 ára. Þá fór ég smámsaman að uppgötva að það voru til frægir klifrarar og klifursaga. Ég var svo hrifinn að ég var fljótur að læra. 18 ára gat ég klifrað erfiðustu ís og klettaleiðir í Ölpunum. Ég hafði góða klifurfélaga sem voru nokkuð frægir og ég lærði mikið af þeim. Til að byrja með var ég sérstaklega hrifinn af klettaklifri. Ég

hafði aðallega áhuga á erfiðustu klettaleiðunum. Þegar ég var 20 til 22 ára var ég líka mikið í ísklifri. Ég klifraði í ís og klettum jafnhliða. Ef einhver hefði beðið mig um að koma með sér á Everest á þessum tíma þá hefði ég sagt nei. Ég hefði aldrei farið. Það var of flatt og of auðvelt tæknilega. Þá hafði ég engan áhuga á Everest var ekki þá, fjall sem ég vildi klifra. Ég vildi lóðréttu kletta og ís. Ekki eitthvert snjóbrölt.

**Hvenær fórst þú svo í fyrstu leiðangrana?**

1969 fór ég í fyrsta leiðangurinn minn til útlanda. Ég fór til Suður-Ameríku og klifraði erfiðar leiðir. Ég var alltaf heillaður af Rupal hlíðinni á Nanga Parbat á árunum 1967 til 1969. Þegar ég fékk boð haustið 1969 að taka þátt í leiðangri á þessa hlíð þá tók ég því vegna þess að þetta var nokkuð brött leið á háan tind. Þannig byrjaði ég mitt háfjallaklifur í Himalaya.

**Varst þú þá strax mjög hrifinn af Himalaya klifri?**

Nei. Ég hafði gaman af leiðangrinum. Ég hafði góða tilfinningu fyrir aðstæðunum. Ég var sterkur í klifrinu. Ég hafði góða eðlisávísun. Ég var mjög öflugur í að hlaupa upp og niður fjallið. Mér líkaði vel við að vera í þessum leiðangri en það var annað sem skyggði á. Ég missti bróður minn í þessum leiðangri. Ég missti tærnar í þessum leiðangri og tilfinningu í fingrunum. Fyrst eftir á var ég staðráðinn í að hætta klifri. Ég var ekki enn orðinn atvinnuklifrari og ég hafði aldrei ætlað mér að verða það. Þegar ég byrjaði aftur að klifra eftir harmleikinn á Nanga Parbat fann ég fljótt að ég var ekki eins góður í klettaklifri og áður. Ég gat ekki beitt fótunum eins vel því það vantaði tærnar, fingurnir voru ekki eins sterkir og ég fékk alltaf verki ef ég reyndi að klifra erfiðar leiðir. Þannig gerðist það hægt og hægt að ég gleymdi klettaklifri og það varð ekki eins mikilvægt fyrir mig. Ég fór að einbeita mér meira að Himalaya klifri. Klifrið tók alltaf meiri og



## Ferðir Messnesrs á 8000 m tindana

|               | hæð (m) | hvenær klifið |
|---------------|---------|---------------|
| Nanga Parbat  | 8125    | 1970          |
|               |         | 1978          |
| Manaslu       | 8163    | 1972          |
| Hidden Peak   | 8068    | 1975          |
|               |         | 1984          |
| Everest       | 8848    | 1978          |
|               |         | 1980          |
| K2            | 8611    | 1979          |
| Shisha Pangma | 8046    | 1981          |
| Kangchenjunga | 8586    | 1982          |
| Gasherbrum II | 8035    | 1982          |
|               |         | 1984          |
| Broad Peak    | 8047    | 1982          |
| Cho Oyu       | 8201    | 1983          |
| Annapurna     | 8091    | 1985          |
| Dhaulagiri    | 8167    | 1985          |
| Makalu        | 8463    | 1986          |
| Lhotse        | 8516    | 1986          |

meiri tíma svo að á endanum ákvað ég að sinna því eingöngu. Fyrir 20 árum dreymdi mig um að lifa því lífi sem ég lifi í dag, en ég stefndi ekki að því. Ég hélt að þetta væri ekki hægt.

### Hefur klifur breyst mikið á þessum tíma?

Já, það hafa orðið miklar breytingar. Klifrið hefur breyst mikið almennt. Klifrið skiptist í ólík svið í dag. Í byrjun áttunda áratugsins voru allir klifrarar í öllum greinum fjallamennsku. Þeir klifuðu jöfnum höndum norðurvegg Eiger, Dolomitaklifur og Himalayaklifur. Þeir voru ævintýramenn. Ég ólst upp í þessari kynslóð og ég er enn ævintýramaður. Ég berst ennþá fyrir ævintýrum í klifri. Nú er klifur að verða meira og meira að íþrótt. Það eru haldnar innanhússklifurkeppnir. Það er hrein íþrótt. Þeir eru að gera hluti sem ég gæti aldrei gert, en þetta er hrein íþrótt. Þú þekkir klifursöguna og veist að á sjöunda áratugnum stunduðu menn mest stigaklifur. Fremstu klifrararnir voru stigaklifrarar. Yngri klifrararnir höfðu þá sem fyrirmynd. Í lok sjöunda áratugarins og í byrjun þess áttunda fórum við að stunda meira frjálst klifur og leggja niður stigaklifrið. Í mínum huga er klifur alltaf ævintýri en það er alltaf að verða meira og meira að íþrótt. Ef þú skoðar klifurblöðin í dag þá sérðu að einhver klifraði Everest á 18 tímum, einhver klifraði 5.13 einhverstaðar og einhver vann klifurkeppnina í Arco. Þetta er ekki lengur ævintýri. Ég held því fram að það mikilvægasta við klifrið sé ævintýri en ekki íþrótt. Ég held að eftir 10 til 20 ár verði ævintýrið aðalástæðan fyrir því að ungt fólk fari í klifur. Ævintýri er aðeins mögulegt ef við losum okkur við tæknina. Ævintýri er ekki mögulegt í dag ef þú notar öll möguleg hjálpartæki. Ef þú fengir hjálp frá flugvél á hverjum degi í Grænlandi þá væri það eins og

að fá sér göngutúr um Reykjavík. Ef ég set bolta á tveggja metra fresti í klettavegg þá er það ekki ævintýri þó að leiðin sé mjög erfið.

### Nú hefur þú farið í svo marga leiðangra. Er einhver leiðangur þér mikilvægari en annar?

Já auðvitað. Fyrsti 8000 metra tindurinn sem ég klifraði, Nanga Parbat árið 1970, er mér mjög mikilvæg reynsla. Einnig þegar ég klifraði 8000 metra tind í fyrsta skipti aleinn, Nanga Parbat 1978. Félagskapurinn á Kangchenjunga 1982 er mjög eftirminnilegur. Einnig er eftirminnilegt þegar ég fór á tvo 8000 metra tinda í röð 1984 án þess að fara í aðalbúðir á milli (Gasherbrum I og II í Karakorum). Það hefur engum tekist síðar þó margir hafi reynt. Það er mjög erfitt að vera alltaf á hryggnum og hafa allt með sér og halda stöðugt áfram yfir tvo tinda.

### Árið 1982 fórstu á þrjá 8000 metra tinda..

Já en það var ekki mín hugmynd. Vinur minn átti hana.

### Hvernig var þetta hægt?

Eftir þennan leiðangur vissi ég að það var hægt að klifra alla fjórtán 8000 metra tindana. Ég var ekki að stefna á það. Ég var að skipuleggja ákveðna hluti. Þegar ég klifraði Everest einn án súrefnis var ég ánægður. Ég hugsaði með mér að sem klifrari hafi ég fengið allt sem ég vildi. Eftir þetta fór ég að stefna á leiðangur á Suðurheimskautið. Þá kom vinur minn til mín og stakk upp á að klifra þrjá 8000 metra tinda í einum leiðangri. Mér fannst hugmyndin góð þannig að við reyndum þetta. Hann kól á fingrunum á fyrsta fjallinu, Kangchenjunga, og varð að hætta við. Ég var þá einn, en fékk til liðs við mig tvo pakistanska klifra á hina tvo tindana. Allur búnaðurinn var kominn á staðinn og ég hafði borgað öll leyfin fyrirfram. Ég fór til Pakistan og klifraði hina tvo tindana. Ég hafði í byrjun ætlað mér að klifra erfiðari leiðir en ég varð að hætta við það vegna þess að Pakistanarnir gátu ekki klifrað svo erfiðar leiðir. Eftir á var ég ánægður með árangurinn og ég hafði fundið það út eftir að hafa klifrað þrjá 8000 metra tinda á tveimur og hálfum mánuði að það er auðveldara en að klifra þrjá á þremur árum.

### Hversvegna?

Vegna þess að þú ert vel aðlagður og þú heldur aðlöguninni á milli tinda. Eftir þann þriðja ákvað ég að klifra alla fjórtán 8000 metra tindana. Ég hafði klifrað nú svo ég ákvað að klifra þá alla. Þá fyrst ákvað ég að gera það, ekki fyrr. Á leiðinni heim fékk ég leyfi á þá tinda sem ég átti eftir.

Parna byrjaði ég fyrst að klifra til að slá metið. Klifurferill minn hefur ekki eingöngu verið ævintýri, en ég enda alltaf aftur í ævintýrunum. Að klifra þrjá 8000 metra tinda í einum leiðangri var „metaklifur“. Allir sögðu að þetta væri ekki hægt af því að menn





K 2 sem Messner kleif 1979. Í forgrunni eru tjaldbúðir leiðangursins á Broad Peak 1982.


væru svo þreyttir eftir einn 8000 metra tind að þeir gætu ekki einu sinni hugsað um að fara á annan. Þetta var auðvitað bábilja. Það kom í ljós að það var hægt að klifra þrjá svo að einhverjum hlaut að detta í hug að klifra fjóra 8000 metra tinda á einu ári. Þeir senda leiðangur á undan sér til að undirbúa leiðina. Margir 8000 metra tindar eru klifraðir svona. Þetta er ekki ævintýri. Ævintýrið liggur í óundirbúna fjallinu.

**Þegar þú byrjaðir að klifra þá notuðu allir súrefniskúta á hæstu tindana, en þú gerðir það aldrei. Hvers vegna?**

Ég byrjaði að klifra sem ungur drengur til að upplifa ævintýri. Ég var tíu ára að klifra litla Dolomitatinda með frumstæð reipi og enga fleiga. Við klifruðum án þess að vita hvað væri framundan. Við vissum ekki að það væru til leiðarvísar og leiðarbækur. Seinna sáum við ferðamenn með leiðarvísa sem sögðu þeim hvenær þeir ættu að fara til hægri eða vinstri. Við skildum ekki hversvegna þeir þurftu leiðarvísa til að vita hvert þeir ættu að fara. Við sáum það sjálfir með okkar eigin augum. Þannig að frá byrjun var klifur fyrir mér ævintýri. Þegar ég var 16 ára, árið 1960, voru allar frægustu leiðirnar sem alla dreymdi um að klifra, fleygaðar á meters fresti, frá

byrjun til enda. Þeim mun fleiri fleygar sem voru í leiðinni þeim mun stærra var ævintýrið. Þetta var klikkun en svona var þetta. Ég sem ungur klifrari stefndi einmitt á þetta. Ég hélt að þetta væri miklu erfiðara en það sem ég var að gera. Við vorum góðir í frjálsu klifri, næstum á hæsta mælikvarða. Til að byrja með gat ég ekki klifrað þessi stigaklifursþök. Eftir að hafa stundað það í tvö ár, sá ég að þetta var ekki ævintýri, þetta var svo auðvelt, alltaf það sama. Þú gast ekki dottið og ekki einu sinni dáðið. Ég fann það út að þetta var eitthvað sem ég vildi ekki gera. Mér fannst frjálsa klifrið miklu skemmtilegra. 1985 þegar ég var fjörutíu ára skrifaði ég grein sem heitir „Að drepa það ómögulega“. Þetta er einhver mikilvægasta grein sem ég hef skrifað og hún var þýdd á um tuttugu tungumál. Þar sagði ég að ef við höldum áfram að nota alla mögulega tæknilega hjálp til að klifra fjöll, mun það ómögulega ekki lengur vera til. Ævintýri verður ekki lengur mögulegt því að ævintýri er aðeins mögulegt ef það ómögulega er til. Ég ákvað með sjálfum mér að nota aldrei bolta, aðeins fleiga og hnetur. Ég hef aldrei á ævinni sett inn bolta. Ég hef aldrei tekið þá með mér. Seinna þegar ég fór að klifra 8000 metra tinda vissi ég að það var hægt að klifra þá án auka súrefnis. Þegar ég





Dhaulagiri séð úr austri en Messner fór upp hrygginn að norðaustanverðu. *Ljós. Salbjörg Óskarsdóttir.*

var búinn að klifra þrjá, ákvað ég að klifra Everest. Ég ákvað að ef ég klifraði Everest þá gerði ég það án þess að nota súrefniskúta. Ég hafði alltaf klifrað án bolta og ég ákvað að klifra alltaf án aukasúrefnis. Ef það væri hægt þá ætlaði ég að gera það, og ef það væri ekki hægt þá myndi mér ekki takast það. Annars drepum við það ómögulega. Læknarnir sögðu að það væri ekki hægt að klifra Everest án aukasúrefnis og klifrarar sögðu það líka, en þetta var aðeins tal manna.

**Var það ekki erfitt að reyna eitthvað sem allir töldu að væri ekki hægt?**

Jú, það var ekki auðvelt. Sérstaklega vegna þess að ég hafði fengið mikla gagnrýni fyrir þennan leiðangur. Ég vissi að Bretar höfðu komist nálægt tindinum án aukasúrefnis árið 1924. Ég hafði þrisvar komist á tinda sem voru yfir 8000 metra háir án auka súrefnis og ég vissi að ég gæti farið herra. Við reyndum og það tókst. Fjallamenn hafa lært að stunda sitt áhugamál án þess að nota alla mögulega tækni. Margir fjallamenn hafa uppgötvað að með því að nota ekki bolta, súrefniskúta, háfjallaburðarmenn, háfjallabúðir, fastar línur o.s.frv. eru þeir miklu léttari, það er ódýrara og það er betri stíll. Þróun er ekki bara tækniþróun. Ég held að við getum þróast lengra í þessa átt. Til dæmis með því að hætta að gera klifurleiðarvísa. Ef þú hefur næga

reyslu, þá getur þú séð hvar sá fór sem klifraði leiðina fyrstur. Hann var líka mannlegur. Hann kom að leiðinni aðeins með reynsluna og sá hvar best var að fara. Þannig að hver sem hefur næga reynslu ætti að geta gert það líka. Ef ég hef leiðarvísi sem segir mér hvar ég á að fara til hægri eða vinstri og hvaða sprungur ég eigi að klifra þá eyðileggur hann fyrir mér ævintýrið. Það getur gerst að menn villist af leið og lendi á blindgötum, þá verða þeir að fara aftur niður og finna réttu leiðina.

**Þú talaðir áðan um gagnrýni. Þú hefur fengið á þig nokkra gagnrýni í gegnum tíðina.**

Já mikla.

**Af hverju telur þú að það stafi?**

Það eru margar ástæður fyrir því. Mér tókst oft að gera það sem menn töldu ómögulegt og það er alltaf hættulegt. Everest án aukasúrefnis var talið ómögulegt. Við gerðum það og fengum gagnrýni bæði fyrir og eftir. Enn þann dag í dag eru blöð sem skrifa um það að einhver hafi dáið á Everest af því að hann fylgdi fordæmi Messners. Messner gaf fordæmið að fara á Everest án aukasúrefnis og þess vegna verður hann að bera ábyrgðina á því. Ég hlusta ekki á svona gagnrýni. Ég dó ekki þarna uppi en öðrum er frjálst að gera það. Ég elska sjónvarpsmæður í beinni





Messner á lokahryggnum á Makalu.

útsendingu. Þá er stundum tekið fyrir ákveðið efni eins og Everest án aukasúrefnis. Það er erfitt fyrir mig á öðrum tungumálum, en á þýsku eða ítölsku elska ég það. Sérstaklega þegar einhver segir að ég sé brjálaður. Ég elska að ræða þessi mál. Ég gríp alltaf tækifærið að komast í slíkar umræður og oft er mikið rifist.

Ég hef líka fengið gagnrýni vegna þess að mér tókst fljótt að lifa af fjallamennsku. Ég varð það sem menn kalla atvinnumaður, en mér finnst ég ekki vera það.

**Í sextán ár, frá 1970 til 1986, einbeittir þú þér nær eingöngu að Himalaya klifri. Undanfarin ár hefur þú snúið þér meira að gönguskíðaleiðöngrum til dæmis Suðurheimskautið 1990 og nú Grænland. Hvers vegna er þessi breyting?**

Það eru ýmistar ástæður fyrir því. Himalayafjöllin eru yfirfull af fólki. Ástandið er orðið alvarlegt á 8000 metra tindunum. Ef þú ætlaðir að klifra yfir Gasherbrum I og Gasherbrum II eins og við gerðum 1984 þá væri það ekki hægt af því að þú myndir hitta fimm leiðangra á leiðinni upp og þrjá á leiðinni niður á hvoru fjallinu um sig. Þetta væri ekki óstuddur leiðangur yfir báða tindana. Við vorum aleinir alla

leiðina 1984. Á síðustu tveimur árunum sá ég of margt fólk í Himalayafjöllunum. Á Lhotse 1986 voru þrír leiðangrar á sama svæði. Það er svo leiðinlegt að koma niður af fjallinu og finna einhvern sofandi í svefnpokanum þínum af því að hann lenti í vandræðum. Ég hef átján sinnum klifrað 8000 metra tind og í sautján skipti var leiðangurinn minn einn frá aðalbúðum og á tindinn. Við urðum sjálfir að finna leiðina á tindinn, en í síðasta skiptið var þetta hræðilegt. Í dag eru þrjátíu leiðangrar á Everest á einu ári, fimmtán á vorin og fimmtán á haustin. Ef klifraranir sýna skynsemi þá snúa þeir sér meira að sex og sjö þúsund metra tindunum. Þeir eru erfiðari, þar geturðu verið einn og þar geturðu lent í ævintýrum.

Önnur ásæða fyri því að ég hef snúið mér meira að gönguskíðaferðum er aldurinn. Ég er ekki eins góður klifari og ég var, en ég get ennþá gengið yfir jökla. Ég hafði mjög gaman af því að ganga á Suðuskautið.

Tveimur dögum síðar var Messner farinn til Grænlands að sinna ævintýrunum sínum.



# Pamír fjöll

## *eftir Björn Ólafsson*

Í þessum greinarstúf er ætlunin að segja stuttlega frá möguleikum til göngu- og klifurfærða í Pamír fjallgarðinum. Fjallgarðurinn er í hinu nýfrjálsa ríki Tadzjikistan sem er eitt af ríkjum fyrrum Sovétlýðveldanna. Tadzjikistan liggur við landamæri Pakistans, Indlands og Kína og má segja að Pamír sé í beinu framhaldi af Himalajafjallgarðinum. Aragrúi af tindum er á svæðinu og eru margar leiðir á 5.000 - 6.500 metra tinda enn ófarnar. Vinsælastir eru þeir tindar sem skaga upp fyrir 7.000 metrana; þeir eru Þír, Pik Kommunisma (7.495 m), Pik Lenin (7.146 m) og Korzenevskaya (7.105 m). Af þessum tindum er Kommunisma erfiðastur bæði hæðar- og tæknilega séð auk þess sem þar geysa oft slém veður. Af öðrum tindum sem vekja athygli á svæðinu má nefna Pik of Forth (6.298 m) og Pik Moscva (ca 6.940 m) sem er mjög tæknilega erfiður. En það er hægt að gera ýmislegt annað en að klifra há fjöll. Möguleikar á fjölbreyttum gönguferðum eru miklir. Víðsvegar um fjallgarðinn má fara í styttri gönguferðir um gróna dali og nokkurra vikna langar ferðir þar sem farið er yfir há fjallaskörð og tinda.

Ekki er ýkja langt síðan Pamírsvæðið opnaðist fyrir vestrænum fjallamönnum og með þeim fyrstu sem klifruðu þar var breski klifrarinn Doug Scott. Til að byrja með lögðu ákaflega fáir leið sína til Pamír og það var ekki fyrr en áhrif svokallaðrar Glastnost stefnu fóru að gæta að Rússarnir fóru að líta á þann möguleika að flytja vestræna fjallamenn til Pamír og hafa af þeim gjaldeyri. Þessar ferðir voru skipulagðar af sovétsku ríkisfyrirtæki sem hét Sovintersport. Hlutverk þess var að skipuleggja allar ferðir vestrænna íþrótta- og fjallamanna um Sovétríkin. Eins og gefur að skilja var þetta fyrirtæki mikið bákn og ekki auðvelt við það að eiga. Á seinustu tveimur árum hefur þetta tekið breytingum. Upp hafa sprottið klúbbar og fyrirtæki sem eru að reyna að hasla sér völl í ferðamannaíðnaði og bjóða uppá ferðir til Pamír fyrir mun lægri fjárhæðir en ríkisbáknið. Helsti ókosturinn

við þessi fyrirtæki er að erfitt er að komast að áreiðanleika þeirra og hvort þau eru yfir höfuð megnug þess að uppfylla þær kröfur sem vestrænir fjallamenn gera. Í ferð okkar sumarið '89 höfðum við enga aðra kosti en að fara með Sovintersport en í síðari ferðinni sumarið '92 ákváðum við að eiga viðskipti við háskólaalpaklúbb í Novosibirsk, sem er borg í Síberíu nærri Altay fjallgarðinum. Það var fyrir tilstuðlan Karls Ingólfssonar að við komumst í samband við þessa menn en hann hafði fyrir tilviljun fengið frá þeim einskonar auglýsingabækling. Í samskiptum okkar við Rússana létu þeir alltaf líta svo út sem þeir væru með fjöldann allan af viðskiptavinum sem væru á þeirra vegum víðsvegar um Sovétríkin fyrrverandi. Þegar til kom vorum við einu útlendingarnir og jafnframt þeir fyrstu sem þeir áttu viðskipti við. En þeir stóðu sig vel og stóðst flest sem þeir sögðu þótt auðvitað kæmu upp ýmis vandræði vegna tungumálaerfiðleika.

Við flugum með SAS til Moskvu en auk SAS fljúga Aeroflot, British Airways og fleiri flugfélög til Moskvu og eru flugfargjöldin mjög sambærileg. Kosturinn við að fljúga með SAS var sá að við gátum tékkað farangurinn alla leið til Moskvu þrátt fyrir sólarhrings stopp í Kaupmannahöfn og sparaði það okkur mikla fyrrihöfn. Þegar til Moskvu var komið kom hins vegar babb í bátinn. Hótel fyrir útlendinga eru mjög dýr og mörg þeirra langt frá því að teljast örugg. Við leystum þetta með því að fá inni í íbúð í eina nótt fyrir kunningsskap frá fyrri ferð.

Síðustu ár hafa orðið miklar breytingar í Rússlandi og ekki hvað síst í Moskvu. Meðal annars hefur tíðni rána og glæpa aukist mikið og er varla ráðlegt að missa sjónar á farangrinum eina einustu stund. Ríkisreknu leigubílastöðvarnar eru líka flestar farnar á hausinn eða hætta starfsemi þannig að mun erfiðara er að fá leigubíla en áður. Oft eru þetta einungis framtakssamir bíleigendur sem eru að ná sér í smá gjaldeyri. Á alþjóðaflugvellinum er nóg að slíkum





Frá Pamírferð. *Ljós. Björn Ólafsson.*

mönnum sem taka greiðslur í dollurum og þær ekkert lágar.

Frá Moskvu flugum við til Dushanbe, sem er höfuðborg Tadzjikistan. Miðana keyptum við með nokkurra vikna fyrirvara og nutum við þá aftur kunningsskapar okkar frá fyrri ferð. Reyndar kom í ljós að á þeim tveimur mánuðum frá því að við athuguðum hvað miðarnir kostuðu og þar til við keyptum þá höfðu þeir hækkað úr 80 dollurum í 300 dollara!

Innanlandsflugvöllurinn í Moskvu er geysistór og þar er ekki að finna sálu sem er mælandi á enska tungu. Allir túristar sem þangað koma eru flokkaðir frá almenningi og sendir á bás sem er kallaður Intourist og eru slíkir básar á öllum stærri flugvöllum í Sovétríkjunum fyrrverandi. Áður en komist er í flugvélinu er farið í gegnum ákveðin feril þar sem farangur, vegabréf og farmiðar eru athuguð nokkrum sinnum. Síðan er um að gera að reyna vera með fyrstu mönnum inn í flugvélinu til að fá góð sæti og helst ekki við glugga því þar vill kula svolítið. Ekki er verra að vera búinn að byrgja sig upp af snakki fyrir flugið því lítið af matnum sem boðið er uppá er ætilegur.

Í Dushanbe er nær ómögulegt að ferðast nema að hafa með sér túlk eða vera vel mælandi á rússnesku eða arabísku en þar sem tekið var á móti okkur á flugvöllinum var þetta ekki vandamál fyrir okkur.

Þrátt fyrir þessa leiðsögn urðum við fyrir aðkasti fyrir að vera í stuttbuxum því ofsatrúarmönnum hefur vaxið fiskur um hrygg frá því að landið öðlaðist sjálfstæði. Frá Dushanbe er hægt að fljúga með þyrllu alla leið í aðalbúðir í 4.200 metra hæð eða keyra inn að fjallgarðinum og ganga þaðan inn í aðalbúðir. Við völdum að keyra og ganga. Þó að ökuferðin hafi verið hálfgerð hörmung þá var gangan inn að búðunum mjög skemmtilegt og hægt að ná góðri aðlögun á leiðinni. Gangan inn að búðunum tekur frá 6 - 10 daga eftir því hvaða leið er valin.

Það helsta sem letur menn til ferða til Pamírs er hversu róstursamt er á svæðinu. Í bæði skiptin sem við vorum þar logaði allt í bardögum bæði rétt fyrir komu okkar og eftir að við fórum. Þjóðernisdeilur eru miklar og sér ekki fyrir endann á þeim. Reyndar hefur það verið hefð að deiluaðilar leggi niður vopn yfir sumartímann en það er varla á það treystandi þar sem bardagar hafa aldrei verið harðari en nú.

En það hægt að fara á önnur fjallasvæði svo sem Altay og Kákasus sem bjóða upp á mikla möguleika í fjallamennsku ef menn eru ekki að leita eftir fjöllum yfir 6000 metra og þaðan af hærri. Yfirleitt er líka mun ódýrara að ferðast um þessi svæði og mun minni líkur á blýeitrun.

Góða ferð





Ísklifur í Hrútadal. *Ljós*m. Páll Sveinsson.



# Tækjahornið

*eftir Björn Vilhjálmsson*

Tækjahornið mun að þessu sinni og í næsta ársriti fjalla um ísklifur og þann útbúnað sem þarf til að klifra brattan ís. Bæði þá hluti sem hafðir eru í höndum og þá sem hafðir eru á fótum en auk þess vil ég nota hluta af rýminu undir góð ráð og ábendingar.

Hér verður ekki kafað djúpt í sögu og þróun ísklifurtækja en þráðurinn tekinn upp sumarið 1966. Þá var Bandaríkjamaðurinn Yvon Chouinard í heimsókn í frönsku Ölpunum, nánar tiltekið á sporði eins af skriðjökklum Mont Blanc, með allar gerðir ísaxa sem þá voru á markaðnum til þess að athuga hvaða gerð væri best í bröttum ís en jafnframt góð til að höggva spor.

Chouinard þennan hef ég áður minnst á, hér á þessum stað, í sambandi við þróun klettaklifurtækja, þegar hann hannaði fleyga, stoppera og hexur sem mörkuðu tímamót í klettaklifri en allt gerðist þetta um svipað leyti. Fáir einstaklingar hafa lagt eins mikið af mörkum í bættum klifur- og tryggingatækjum, á jafn mörgum sviðum fjallamennskunnar og þessi hugvitssami hönnuður og klifari, Yvon Chouinard.

En aftur í Alpna; að lokinni rannsókn sinni á ísöxunum lét Chouinard smíða fyrir sig exi sem var róttækt frávik frá þeim öxum sem þá þekktust, aðeins 55 sm löng og ekki nóg með það heldur var blaðið á henni beygt niður að framan. Boginn var hafður sá sami og myndast þegar öxi er sveiflað og afleiðingin var sú að þessi öxi greip miklu betur í ísinn en áður hafði þekkst. Neðan á blaðið voru síðan sorfnar djúpar tennur sem gripu vel í ísinn. Þetta var fæðing ZERO

axarinnar sem ennþá þykir hafa yfirburða fagað yfirbragð og vera gott verkfæri. Seinna hannaði Chouinard fyrsta íshamarinn en það var maki zero-axarinnar ZERO-hamarinn.

Þessi tæki gerðu klifurum kleift að klifra mjög brattan og lóðréttan ís án þess að eiga á hættu að axarblaðið rynni út úr ísnum eða þurfa að stigaklifra bratta kafla í ísleið. Hér hófst nýr kafla í sögu ísklifurs og upphafið að nútíma ísklifri er síðan varðað af ZERO parinu.

Árið eftir eða 1967 hönnuðu Chouinard og vinur hans Tom Frost svo Zero-hamarinn og alstífa brodda, gömlu, góðu Chouinard-broddana. Þeir eru ennþá með léttustu og bestu broddum sem fást á markaðnum.

En úttekt Chouinards á ísklifurbúnaðinum lauk ekki fyrr en hann var búinn að gera eitthvað til að auka öryggi klifrarans og því hannaði hann nýja gerð af ísskrúfu sem tók öllu fram er þá þekktist en flest af því var ekki beysið. Chouinard-ísskrúfan var í 15 ár sá staðall sem aðrir framleiðendur reyndu að ná og það var ekki fyrr en fyrir sárafaum árum að á markaðinn komu skrúfur sem halda jafnvel eða betur en Chouinard-skrúfan.

Næsta stóra framfaraspor varð í kringum 1980 þegar fyrirtækið SIMOND setti á markaðinn ísöxi er nefnist Sjakali. Öxi þessi var ekki með bogið blað heldur íbjúgt og festist hún betur í ísinn en nokkuð annað sem áður hafði þekkst, svo vel að margir töluðu um að það þyrfti að sverfa af tönnum á henni svo hægt væri að ná henni úr ísnum aftur.

Sjakalinn er svo vel heppnuð hönnun að hún er ennþá seld lítið breytt ásamt maka sínum Barracuda íshamrinum og nú hafa öll nútíma ísklifurtæki meira og minna íbjúg blöð. En auk þess eru flest tæki nú til dags þannig útbúin að hægt er að skipta um blað án mikillar fyrirhafnar og skaftið er klætt með gúmmí sem hefur góða viðloðun og eykur öryggið í gripinu.

Í þessu tækjahorni ætla ég að breyta aðeins frá venju minni þar sem ég hef tekið fyrir eins vörur frá mörgum framleiðendum, án tillits til þess hvort þessar vörur væru seldar hér á landi eða ekki. En að þessu sinni ætla ég í umfjölluninni um ísklifurtæki fyrir hendur, að ræða um einstaka hluta axarinnar/hamarsins almennt og svo örlítið um þær gerðir sem fást hér á landi. Í þessum þætti verður aðeins fjallað um stuttar, tæknilegar klifuraxir og hamra.

Svo til allar tæknilegar ísaxir (það á náttúrulega við um íshamra líka en í framhaldinu mun ég eingöngu tala um ísaxir) eru nú með íbjúgt blað en flestar eru þannig útbúnaðar að hægt er að skipta um blað í hausnum og oftast er hægt að kaupa aðrar gerðir af blöðum, til dæmis bogið (eða svokallað alpaklifursblað) og fleiri gerðir sem henta fyrir léttara klifur.

Boltarnir og rærnar sem festa blöðin í hausinn eru mismunandi eftir framleiðendum, allt frá einum bolta upp í þrjá. En það sem skiptir máli er að notandinn hafi lykil sem passar fyrir hans öxi, viti í hvaða átt hann eigi að snúa boltanum/rónni og sé með auka bolta og ról í farteskinu ef eitthvað



kemur upp á. Auðvitað fer enginn að skipta um blað í tækinu sínu í miðri spönn, þess vegna er alltaf nauðsynlegt að hafa þriðja áhaldið með til öryggis. Ef aðaltækin tvö eru með íbjúg blöð er gott að aukatakið sé með bogið blað, því oft henta þau best þegar verið er að hífa sig yfir brún á ísfossi eða þegar þykkur snjór er ofan á ísnum.

Efnið sem notað er í hausinn getur verið stál eða álblanda en það fer líka eftir framleiðandanum og báðar gerðir hafa reynst vel. Það sem máli skiptir er að þunginn sé réttur svo að öxin keyrist vel inn í ísinn. Flestir framleiðendur láta sérstök þyngingarlöf fylgja sínum öxum eða bjóða upp á þau í lausasölu. Réttur þungi á hausnum hefur mikla þýðingu þegar verið er að fást við mjög harðan eða seigan ís.

Sumir klifrarar nota axir sínar einsog snjóstiku við ákveðin skilyrði, þ.e. lemja þær með hamri á hausinn ofan í harðan snjó en það ber að varast því það getur veikt og þreytt málminn. Þá er bæði betra og ódýrara að vera með snjóstiku eða snjóakkeri með sér og nota þau.

Hyman (e. adze) á klifuröxum er hugsuð til að klifra brattan snjó eða mjög loftmikinn ís og hún því yfirleitt mikið niðurhallandi. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hyrnan geti ekki þjónað öðru mikilvægu hlutverki, sem er að höggva með henni ís, því það gera hún vel þrátt fyrir þennan mikla halla sem á henni er og einnig gengur vel að höggva snjópolla með þessari gerð hynna. Hyrnan er ýmist íhvolft, bein eða rörlaga og virðist lagið á henni ekki hafa mikil áhrif á hæfni hennar til að höggva með.

Skaftið kemur í tveimur útgáfum, þ.e. beint eða bogið. Þegar bognu skóftin komu fyrst fram voru ýmsir sem töldu þau ekki eins góð í snjó en síðan hefur verið bent á að þau hafa nokkra kosti fram yfir beinu skóftin. Þar má nefna að í bröttum ís er auðveldara að halda í bogin skóft, þau eru þægilegri þegar berja þarf yfir brúnir og bungur á ísnum og þegar skaftið er notað til að tryggja í bröttum snjó eru þær jafnvel öruggari. Auk þess minnka bognu skóftin líkurnar á að klifrarinn merji á sér hnúana.

Peir sem eiga axir með beinum skóftum og nota ullarvettlinga geta á

einfaldan hátt varið á sér hnúana með því að sníða hluta úr svefnmottu eftir útlínun handarinnar, þó ekki nema fingranna og stungið þessum þjötlum innan í vettlingana. Undirritaður hafði velt þessu vandamáli fyrir sér í nokkur ár (enda eigandi Stubai, Rupal og Hidden Peak pars), þegar hann fyrir u.þ.b. þremur árum datt niður á þessa einföldu lausn. Og til að minna á að ekkert er nýtt undir sólinni né einkaeign eins má geta þess að í nýlegu hefti „On the Edge“ var lesendum bent á að útbúa sér þessa einföldu hnúahlíf.

En hvort sem skaftið er beint eða bogið þarf það að vera klætt stömu gúmmí sem endist vel. Sumir ísaxafræðingar taka axir ekki alvarlega sem eru seldar án almennilegrar klæðningar á handfanginu. Þetta er staðurinn þar sem takið og maðurinn mætast og því nauðsynlegt að gripið sé eins gott og mögulegt má verða. Einnig skal varast að berja snjó undan broddum með þessum hluta axarinnar til að skemma ekki handfangið.

Enn eitt atriði sem getur skipt miklu máli fyrir gripið og nákvæmni í höggum en það er þvermál skaftsins. Sumir framleiðendur gera axir með grönnum skóftum (t.d. Charlet-Moser), þau henta smáum höndum vel. Aðrir framleiðendur gera þykkari skóft (t.d. Simond, Stubai) sem henta stærri höndum betur. Því er best að velja og prófa „þína“ öxi í þeim vettlingum sem þú ætlar að nota, þá kemur strax í ljós hvernig gripið passar.

Oddurinn neðst á skaftinu er oftast í smærri lagi á klifuröxum svo hann truflar síður í sveiflunni og meiði klifrarann. Margir oddar eru einnig með gati sem hægt er að setja karabínu í og nota til að hanga úr eða tryggja sig í. Bognar axir eru yfirleitt með oddi sem snertir ísinn þegar blaðið er komið í festu, til þess að veita tveggja punkta snertingu.

Úlniðslykkjur þurfa að fylgja öxunum og eiga að vera saumaðar, stillanlegar, með lás og hægt að vinna við þær með tönnunum! Í bröttum ís eru lykkjurnar það sem hangið er í og þess vegna er best að sá hluti þeirra sem er um úlniðinn sé breiður. Læsingarútbúnaðurinn þarf að vera þannig að hægt sé að hanga í öxinni án

þess að haldið sé í hana og að hægt sé að hreyfa hann með tönnunum, ef að hin hending skyldi vera upptekin við annað! Að lokum má benda á að betra er að aðaltækin séu par, því þá passar aukablaðið, boltinn og róin og lykillinn á bæði.

Hér á Íslandi fást nokkrar vandaðar gerðir af öxum sem henta vel fyrir erfitt og tæknilegt ísklifur, auk margra gerða sem henta vel í fjallgöngur og jöklaferðir.

Skátábúðin selur tæki frá Simond og einnig frá Stubai, bæði handtöl, brodda og tryggingatæki. Útílífr eru á sama hátt með vörur frá Camp á Ítalíu og má geta þess að Camp er með Evrópuumboð fyrir vörur frá bæði Chouinard og Lowe. Og loks er Seglagerðin Ægir með ísvarning frá hinu virta franska fyrirtæki Charlet Moser. Allt eru þetta vörur í hæsta gæðaflokki og því erfitt að taka eitt fram yfir annað. Má segja að munurinn felist helst í því hvað henti hönd og auga hvers einstaklings best.

Skórnir og broddarnir eru hinir snertifletir okkar við ísinn og því er nauðsynlegt að velja þá af sömu kostgæfni og handtölin.

Það sem skiptir mestu máli þegar skór eru valdir er að þeir passi vel, séu þægilegir og hversu mikið þeir vega. Þegar skór eru mátaðir ber að líta eftir að hællinn sé ekki laus og geti hreyfst upp og niður, að það séu engir staðir í skónum sem þrengja að eða eru alltof rúmír og að tærnar kýlist ekki alveg fram í skóinn í hverju sparki. Nú til dags eru plastskór léttari, heitari, þurrari, stífari og öruggari en leðurskór, svo tæpast þarf að velja þeirri spurningu lengi fyrir sér hvora gerðina eigi að kaupa. Það sem mestu máli skiptir er að velja plastskó með lögum sem hentar fæti viðkomandi einstaklings best. Framleiðendur smíða skó sína á mismunandi lasta og vitað er að þjóðir hafa mismunandi fótlag (t.d. eru Bretar með stóran og breiðan en Frakkar með nettan og mjóan fót), þess vegna er um að gera að prófa mismunandi gerðir og finna þá lögum sem hentar þínu fótlagi best. Mikilvægt er að máta skóna í þeim sokkum sem þú ætlar að nota í skóna. Best er að velja sér einhverja vandaða gerð af þykkum ullarsokkum (eða blöndu), nota bara eitt par í skóna,



halda sig við þessa ákveðnu sokka og eiga nokkur pör. Þá er minni hætta á blöðrum eða kali og nákvæmni fótans í skónum verður jöfn og söm. Ef sérstaklega kalt er í veðri er hægt að bæta við súper-legghlíf yfir skóinn til að auka hitann og jafnvel líma niður jaðrana. Að velja plastskó er jafnmikið nákvæmnisverk og að velja klettaklifurtúttur og plastskórnir verða að sitja þétt fyrir erfitt ísklifur en auk þess verða þeir að vera þægilegir á löngum göngum.

Broddar fást nú í ýmsum útgáfum, allt frá þessum gömlu góðu hefðbundnu að gerðum sem eru svo framandlegar að þær gætu alveg eins verið einhver ávaxtatínslutæki. En eitt er þó komið til að vera, þ.e.a.s. það sem við köllum skíða- eða smellubindingar. Þessi gerð bindinga hefur nú leyst af hólmi ólabindingarnar sem áður voru enda eru skíðabindingarnar fljótvirkari, öruggari, einfaldari, léttari og flækjast síður fyrir en ólabindingarnar.

Í megindrátum eru broddar tvenns konar, þ.e. fastir eða með hjörum. Hjarir voru upprunalega hafðir á broddum til þess að þeir gætu beygst með sólunum á leðurskóm og það gera þeir auðvitað ennþá. Þegar fólk setur brodda neðan á gönguskó til þess að komast yfir minni háttar hindrun þá eru hjörubroddar auðvitað góðir til síns brúks en plastskór eru oftast alstífir og þeir plastskór sem eru með innbyggða sveigju eru yfirleitt með hana fyrir framan þann stað sem hjarirnar eru á broddunum, þess vegna skipta hjarirnar minna máli en áður fyrr. Því henta fastir broddar betur fyrir alstífa plastskó. Það sem þó skiptir mestu máli er að broddarnir passi vel á skóna og hvort broddarnir hreyfist á skónum eða ekki þegar sparkað er í ísinn. Ef einhver hreyfing er á milli broddanna og skósólans getur það leitt til titrings, að ísinn spryngi eða að frambroddarnir festist illa, með tilheyrandi óryggistilfinningu.

Undanfarið hafa margir framleiðendur endurhannað frambroddana. Sumar gerðir eru með útskiptanlega brodda, þannig að hægt er að setja nýja frambrodda í stað þeirra gömlu þegar þeir eru orðnir mjög slitnir eða af öðrum ástæðum, líkt og blöð á ísöxum. Þetta er sniðugt

og getur verið kostur í ólíku landslagi en á móti kemur að við notkun kemur jafnt álag á allt tækið, ekki bara frambroddana og þegar frambroddarnir eru orðnir mjög slitnir þá segir það okkur eitthvað um tækið sem heild.

Frambroddar eru mismunandi að stærð, legu og lögun. Þeir geta verið beinir flatir, bognir flatir, bognir lóðréttir og tenntir eða ótenntir. Og þeir broddar sem snerta ísinn í klifri geta verið þrír (t.d. mónó-broddar með einn sem er láréttur og svo par á eftir sem er nær lóðréttu), fjórir (einsog og á flestum gerðum, þ.e. tveir láréttir og svo næsta par sem er nær lóðréttu), eða sex (einsog á foot-fangs). Fjöldi þeirra brodda sem snerta ísinn ráða því við hve miklum ís er hreyft í hverju sparki.

Þegar broddar eru valdir skiptir mestu máli að þér líki vel við þá gerð sem þú kaupir, lærir vel á kosti og ókosti þinna brodda og þá getur þú notað þá við ólíklegustu aðstæður. Þyngdin skiptir alltaf máli, þungir broddar eru aukinn burður en þeir sökkva vel í harðan ís, léttu brodda er yndislegt að hafa á fótunum en þeir skoppa frekar á hörðum ís og alltaf er þetta spurningin um hvað þú vilt.

Fatnaðurinn er það síðasta sem þarf að huga að og þar má heldur ekki kasta til hendinni. Fatnaðurinn þarf að vera léttur, hlýr, þægilegur og svo rúmur og/eða teygjanlegur að hann hamli ekki hreyfingum. Nauðsynlegt er að yfirfatnaðurinn sé vatnsheldur og andi vel og þá skiptir ekki máli hvort

hann sé í einum eða tveimur hlutum. Innan undir ætti að vera nóg að vera í þykkum fiber- eða ullarbuxum og samsvarandi þykkum bol með rúllukraga, nema þegar kaldast er eða þegar verið er í háfjöllum. Einnig skiptir máli að innri gallinn límist ekki við eða renni illa á innra byrði yfirgallans.

Hvort menn nota Dachstein ullarvettlinga eða svonefnd vettlingakerfi, þ.e. þunnir fingravettlingar innst, svo þykkir millivettlingar og að lokum hlífðarvettlingar sem anda og ná vel upp á framhandlegginn, er alltaf spurning um smekk og kaupgetu. Ókostur við ullarvettlinga er hvað þeir eru lengi að þorna. Og að lokum má minna á að hafa alltaf aukavettlinga í pokanum þegar farið er í ísklifur.

Á höfðinu er alltaf hjálmur en undir honum er yfirleitt nóg að vera með ennisband, þunna húfu eða lambhúshettu. Í bakpokanum ætti alltaf að vera, fyrir utan aukavettlingana, hlý og þurr peysa til að fara í þegar þörf krefur (sleppa því að vera í henni meðan verið er að klifra, til að svitna síður og tapa kröftum og vökva á þann hátt), nesti og nægur drykkur.

Í næsta Tækjahorni ætla ég fyrst og fremst að fjalla um ráð og aðferðir til að bæta ísklifurstíl einstaklingsins og hvernig hægt er að fá meira út úr tækjunum og eigin getu. Síðan verða tryggingatæki í ísklifri aðeins skoðuð.



Jón Haukur í ísklifri í Hrutadal. Ljós. Páll Sveinsson.



# Félagsstarf Ísalp 1992

## *Umsjón: Salbjörg Óskarsdóttir*

### **FERÐIROGNÁMSKEIÐ**

#### **Tindfjöll**

Um miðjan febrúar var farið í Tindfjöll. Lagt var af stað fótgangandi frá Fljótsdal á laugardagsmorgun eftir næturgistingu í farfuglaheimilinu. Veðrið hvatti ekki til afreka svo þessi ferð flokkast með þessum huggulegu skálaferðum þar sem mest er étið, kjaftað og spilað... Sem dæmi um veðurhaminn, þá var ekki stætt á svellalögunum milli efsta- og neðsta skála nema á broddum í þessu hávaðaroki..Anna Lára Friðriksdóttir hafði umsjón með ferðinni og þátttakendur voru sex talsins.



Í Kálfafellsdal um verslunarmannahelgina: Linda Björk, Hörður, Hallgrímur, Guðmundur Helgi og Palli. *Úr smíðju Páls.*

### **Vetrarnámskeið**

Í febrúar var vetrarnámskeiðið haldið undir Virkinu í Esju. Ekki var mikill snjór og gekk brösuglega að grafa snjóhús. Umsjón höfðu Sigursteinn Baldursson og Guðmundur Eyjólfsson og voru þátttakendur sjö.

### **Hrafnabjörg**

Um miðjan mars var haldið til fjalla á gönguskíðum. Lagt var af stað frá Gjábakka á Þingvöllum og gengið yfir Hrafnabjörg í björtu en köldu veðri. Á sunnudeginum versnaði veður og var þá haldið snemma til byggða. Þátttakendur voru fjórir og umsjón hafði Árni Tryggvason.

### **Sleggjubeinsskarð**

Seinnipart mars var svo svigskíðaferð í Sleggjubeinsskarð. Þar mættu þrír klúbbfélagar og töldust þeir stór hluti gestanna í skarðinu þennan dýrðlega dag.



Úr ferðinni yfir Hrafnabjörg. Ebba gægist út í frostkalt myrkrið. *Ljósm. Árni Tryggvason.*



## Bláfjöll

Síðasta laugardaginn í mars mætti furðuleg sjón þeim skíðamönnum er mættu í Bláfjöll og ráku margir upp stór augu. Það sem olli undrun manna var að einhverjir furðufuglar voru á gönguskíðum í skíðabrekkanum og lyftunum. Þetta voru nemendur úr Ísalp að læra Telemark sveifluna undir leiðsögn þeirra Árna Alfðóssonar og Hallgríms Magnússonar. Æfingin kostaði allnokkrar byltur en sveiflan varð því glæsilegri er á daginn leið.

## Hekla

Í maí var farið á gönguskíðum áleiðis á Heklutind. Var farið frá Galtalæk upp hraunið og var færi mjög gott. Ekki var komist alla leið á toppinn enda löng dagleið fyrir borgarbúa. Þátttakendur voru sjö talsins.

## Klifurmót innanhúss

Mótið var nú haldið í þriðja sinn og aftur í húsakynnum björgunarsveitarinnar Fiskakletts í

Hafnarfirði. Keppendur voru 13 talsins. Björn Baldursson sigraði mótið, annar varð Stefán Smárason og þriðji Árni Birgisson.

## Klettaklifurnámskeið

Það var haldið í lok maí í Stardal og á Þingvöllum. Umsjón höfðu Snævarr Guðmundsson, Björn Vilhjálmsson og Guðjón Snær Steindórsson. Nemendur voru 13 talsins.

## Snæfellsjökull

Í lok júní var haldið á Snæfellsnes og gengið á jökulinn að nóttu til. Í ferðinni voru 15 manns og var gist á Stóra-Kambi í Breiðuvík. Umsjón hafði Þorvaldur Þórsson.

## Stardalur

Í júní var farin vinnuferð í Stardal og dreift þar áburði og fræi. Ágangur er þar talsverður orðinn og þörf á að græða þar upp. Árni Tryggvason hafði umsjón með verkinu og fékk hann til þess fjárstyrk úr plastpokasjóði

Landverndar. Sex manns unnu verkið í kalsaveðri á þjóðhátíðardaginn.

## Hrútfjallstindar


Um verslunarmannahelgina fjölmenntu félagar í Skaftafellssýsluna. Tveir félagar fóru upp á Hrútfjallstinda að sunnanverðu, nokkur hópur var við klifur í klettunum neðan við Fagurhólsmýri og nokkrir gengu inn Kálfafellsdal.

## Kistan

Um miðjan ágúst var haldið norður í Eyjafjörð og farið á báða tinda Kistunnar. Áætlunin gerði ráð fyrir ferð á Þorgeirsfellshyrnu en veðurguðir beindu ferðinni norður. Umsjón hafði Hallgrímur Magnússon og fór hann við annan mann.

## Hlöðufell

Í lok ágúst fór hópur inn í Þverbrekknámúla og gisti þar og gengu síðan á Hlöðufell daginn eftir. Upphaflega stóð reyndar til að fara á



Frá klifurmótinu 1992: Árni Birgisson í síðustu leiðinni. Ljós. Salbjörg Óskarsdóttir.

Hrútsfjallstindar og Palli. Ljós. Guðmundur Helgi Christensen.



Hrútfell en þegar veður var leiðinlegt á Kili var áætlun snarlega breytt. Umsjón hafði Magnús Tumi Guðmundsson og voru 9 þátttakendur.

### Fljótshlíð

Ekki gaf í Landmannalaugar í nóvember en þá var haldið í Fljótssdal í Fljótshlíð og gist þar. Umsjón hafði Anna Lára Friðriksdóttir.

### MYNDASÝNINGAR/ ERINDI

Í janúar sýndi Jóhann Axelsson, prófessor í lífeðlisfræði, splunkunýtt myndband um ofkælingu. Jóhann hefur verið klúbbsfélögum mikill aufúsugestur og mjög fróðlegt og skemmtilegt að hlýða á erindi hans. Á eftir spunnust miklar umræður enda efnið félögum hugleikið.

### Árshátíð

Í febrúar var árshátíðin haldin. Var hún mjög vel sótt en þangað komu um 40 manns og hver skemmti sér sem best hann gat. Umsjón með skemmtuninni höfðu þær Helga Garðarsdóttir og Linda Björk Þórðardóttir.

### Klifur í Bandaríkjunum

Í mars héldu þeir félagar Árni Birgisson, Árni Gunnar Reynisson, Björn Baldursson og Stefán Smárason myndasýningu frá þriggja mánaða klifurferð sinni til Bandaríkjanna í lok síðasta árs. Þar heimsóttu þeir mörg hin þekktari klettklifursvæði þar í landi. Sýningin var vel sótt.

### Afmæli og vígsla

Um miðjan október var tveimur tilefnum slegið saman í einn fagnað en haldið var upp á fimmtán ára afmæli klúbbsins og flutninginn í nýtt félagsheimili. Það voru um 40 manns sem mættu. Sýndar voru nokkrar valdar myndir úr sögu klúbbsins síðastliðin ár og menn rifjuðu upp gamlar minningar. Björn Vilhjálmsson og Salbjörg Óskarsdóttir sáu um skemmtunina.



Nokkrir félagar héldu sýningu á hátíð í Perlunni: Ingimundur, Sigursteinn, Guðmundur Eyjólfsson, Árni Gunnar, Geir Gunnarsson og Palli.



Á Snæfellsjökli um sumarsólstöður: Ívar, Friðrik Þór og Olli. Ljós. Ástdís Sveinsdóttir.



Í Hekluferðinni. Ljós. Sigrún Halldórsdóttir.



# Fréttapistill

*Umsjón: Magnús T. Guðmundsson  
Björn Baldursson og Snævarr Guðmundsson*

Í þessum fréttapistli er fjallað um það helsta sem til tíðinda bar á árinu 1992. Eins og árið áður var klettaklifur mun blómlegra en ísklifur þó svo síðastliðið sumar hafi verið frekar vætusamt og kalt. Fremur rólegt var yfir fjallamennsku innanlands á árinu og engin tíðindi höfum við um alpaferðir. Hins vegar fór tveggja manna leiðangur í góða ferð til Pamír í júlí og í ágúst tók Íslendingur þátt í leiðangri þýska alpaklúbbsins til Hindu Kush.

Gróskan er mest í sportklettaklifrinu en þar hafa menn verið ötulir við að fara nýjar leiðir einkum á klettasvæðinu við Hnappavelli. Nýr innanhúss klifurvegur var tekinn í notkun í World Class á árinu og stórbætir hann æfingaaðstöðu sportklettaklifrara. Nokkrar ferðir hafa og verið farnar á klettasvæði í Evrópu.

## FJALLAMENNSKA

### ÚTLÖND

#### Pamír

Þeir Björn Ólafsson og Einar K. Stefánsson fóru í júlímánuði til Pamírfjalla í Tadjhikistan. Þetta er reyndar önnur ferð þeirra félaga þangað en þeir fóru fyrst til Pamír 1989. Gengið var upp í aðalbúðir á 8 dögum en þær eru í 4200 m hæð. Gangan nýttist vel til aðlögunar enda farið yfir nokkur fjallaskörð, tæplega 5000 m há. Eftir nokkurra daga aðlögun við aðalbúðir fóru þeir félagar á Pik of Forth (6298 m). Tók sú ferð tvo daga en eftir það tóku við nokkrir dagar þar sem ekki gaf á fjöll vegna veðurs. Að því loknu var farið á Korzenevskaya (7105 m). Á fyrsta degi var farið upp í 5300 m, á öðrum degi í 6300 m og á þriðja degi á

toppinn í logni og sólskini og síðan samdægurs niður í aðalbúðir. Þrátt fyrir rysjótt veður gerðu Björn og Einar tilraun við Kommunisma (7495 m) en urðu að snúa frá vegna illviðris í 6300 m hæð (sjá einnig grein Björns).

#### Hindu Kush

Í ágústmánuði tók Ari Trausti Guðmundsson þátt í leiðangri á vegum Þýska alpaklúbbsins á fjallið Istor-O-Nal North (7383 m) í Hindu Kush í Pakistan. Þátttakendur auk hans voru átta. Hópurinn varð að hverfa frá eftir að hafa náð 6900 m en veikindi, erfiðar aðstæður og tímaskortur hrjáði leiðangurinn (sjá grein Ara Trausta).

#### Nepal

Gönguferðir í Nepal njóta vaxandi vinsælda og nú hafa allmargir Íslendingar lagt leið sína þangað í þeim tilgangi. Í október stóð Helgi Benediktsson fyrir þriggja vikna gönguferð um Langtang svæðið og voru þátttakendur níu. Hæst var farið í 4300 m hæð en þar veiktist einn þátttakandi af hæðarveiki og var fluttur í skyndingu niður í 2500 m hæð. Að öðru leyti gekk ferðin vel og er tekið til þess að enginn fékk í magann, en ræpustingur hefur verið dyggur ferðafélagi margra Nepalfara. Þökkudu þátttakendur snyrtimennsku hins innfædda kokks, auk jógúrtaflna sem allir bruddu, hve ferðin var farsæl að þessu leyti.

### ÍSLAND

#### SUÐAUSTURLAND

Ekki voru farnar nýjar leiðir í fjöllum suðaustanlands ef frá er talin ný leið í Fallastakkanöf. Talsvert var hins vegar um að gamlar og góðar

leiðir væru klifnar. Hér á eftir fer það helsta.

#### Fallastakkanöf

Um páskana klifu þeir Doug Scott og Snævarr Guðmundsson nýja leið í Nöfinni. Leiðin liggur fremst í stefninu, vinstra megin við eldri leið þeirra, Orgelpípunar, frá 1985. Leiðin er þrjár spannar, sú neðsta er 5.7-5.8, miðspönnin 5.10 en efsta spönnin er sameiginleg gömlu leiðinni. Lentu þeir félagar í myrkri og ísingu efst og þurftu að grafa sig í gegnum hengju efst. Frekar óvanalegur endir á klettaleið!

#### Karlinn við Kálfafellsdal

Karlinn var klifinn í annað sinn um páskana af Jóni Hauki Steingrímssyni og Guðna Bridde og fer Karlinn þar með að komast í flokk „sígildra“ leiða. Fyrr um daginn var farið á Þverártindsegg ásamt Valdimari Harðarsyni og Björgvin Richardssyni.

#### Pumall

Þann 21. júní var ærið fjölmennt á Pumli en þá fóru 16 félagar í Hjálparsveit Skáta í Kópavogi á tindinn. Farið var frá Skaftafelli á einum degi og tók það hópinn um 19 tíma.

#### Kirkjan

Um páskana fóru Guðmundur Helgi Christensen, Hörður og Hallgrímur Magnússynir auk Páls Sveinssonar á Kirkjuna. Tjaldbúðir þeirra voru undir Svínahrygg og daginn eftir Kirkjuferðina var farið á Hvannadalshnúk.


#### Hrútsfjallstindar

Allir fjórir Hrútsfjallstindarnir voru gegnir á einum degi 21. júní af þeim Önnu Láru Friðriksdóttur, Sn varri





Karlinn upp af Kálfafellsdal. *Ljós. Jón Haukur Steingrímsson.*



Karlinn. Lagt í klifrið. *Ljós. Jón Haukur.*

Guðmundssyni og Torfa Hjaltasyni. Þau fóru hina klassísku leið upp suðurhlíðina frá Svínafellsjökli. Það gerðu einnig Karl Ingólfsson og Tómas Grönvald en þeir fóru á Hátind og þaðan áfram yfir á Hvannadalshnúk einn daginn í júlímánuði. Þeir létu fyrirberast við Hnúkinn yfir blánóttina en renndu sér síðan niður Virkisjökulsleiðina. Þriðju ferðina á tindana síðastliðið sumar fóru svo Páll Sveinsson og Guðmundur Helgi Christensen rétt fyrir verslunarmannahelgi. Þeir fóru sömu leið og hinir og eins og fyrsti hópurinn gengu þeir á alla tindana. Á niðurleiðinni gengu þeir yfir Hafrafell, framhjá Efri- og Fremrimönnum og komu niður beint að staðinu við jaðar Svínafellsjökuls. Telja þeir þetta góða leið ofan af tindunum.

#### Vatnajökull

Fyrsta ferðin á fjallahjóllum var farin yfir jökulinn í júlí af 6 félögum ÍSALP. Fóru þeir jökulinn endilangan frá Eyjabakkajökli og komu niður Tungnaárjökul. Ferðin yfir jökulinn tók 9 daga (sjá nánar í grein Haralds hér í blaðinu).

#### SUÐURLAND

##### Ingimundur

Fastlega má gera ráð fyrir að ekki hafi fleiri komið á dranginn Ingimund í Eyjafjöllum á einum degi en þegar 15 þátttakendur ánámskeiði Landsbjargar í sérhæfðri fjallamennsku klifu hann þann 21. mars.

#### SUÐVESTURLAND

##### Esja

##### Búahamrar

Í febrúar klifu Snævarr Guðmundsson og Björn Vilhjálmsson nýja leið upp kverk eina austan við Loka (leið nr. 35). Hún er þrjár spanir (IV/V/III).

##### Hrútaðalur

Fregnir eru af tveimur nýjum leiðum í Hrútaðalnum. Er hvorug í léttari kantinum því báðar eru þær af V. gráðu. Fyrri leiðin var farin í mars af þeim Páli Sveinssyni og Guðmundi Helga Christensen og hlaut hún nafnið Hrútsaugað. Hún er 100 m löng og byrjar nokkrum metrum austan við

Þjóðleið 3. Fyrst eru 2 fjórðu gráðu ísspanir, síðan löng snjóbrekka sem endar í hengju. Þegar leiðin var fyrst klifin var hún mjög tortryggð. Seinni leiðin var farin af þeim Páli og Helga auk Jóns Hauks Steingrímssonar og heitir hún Klakahöllin (sjá grein Jóns Hauks). Hún var klifin 10. maí og byrjar í stórri hvelfingu austan við Þvergil.

##### Hvalfjörður

Ný ísleið var farin í Flugugili þann 11. janúar og áttu þar í hlut Jón Haukur, Valdimar Harðarson og Guðni Bridde. Leiðin liggur á milli leiða 24 og 25 í Hvalfjarðarleiðarvísi ÍSALP. Leiðin er af IV. gráðu og er 70 m löng. Skiptist hún í fjóra stalla og hlaut nafnið Blómabörn.

##### Skarðsheiði-Heiðarhorn

Þeir Páll og Guðmundur Helgi gerðu sér dælt við Heiðarhornið síðastliðinn vetur og klifu þar tvær nýjar leiðir. Önnur leiðin er beint framhald af Jónsgili. Ekki er farið út á eystra rífið heldur er giliu fylgt upp að hávegnum og hann klifinn. Leiðin





Á Hrútsfjallstindum. Ljós. Páll Sveinsson.

endar á toppnum við endurvarpa Landsbjargar (IV. gráða). Hin leiðin (líka IV. gráða) nefnist Axlarbragð og liggur hún upp áberandi lænu um 200 m vestan við Jónsgil. Leiðin er stöðlótt, til skiptis snjór og ís. Hún hliðrast um eina línulengd til vinstri (austurs) fyrir tvær síðustu spannirnar. Leiðin endar rétt austan við toppinn. Þeir félagar segja leiðina vera hina skemmtilegustu.

#### Botnssúlur

Sorglega lítið hefur verið um ísklifur í Botnssúlum síðustu ár en þar eru miklir möguleikar á að klífa nýjar og fallegar leiðir. Gleðileg undantekning frá þessari vanrækslu var Morgunfýla þeirra Jóns Hauks og Valdimars Harðarsonar, ný leið í norðurhlíð Syðstusúlu. Leiðin er 200 m löng og af III.-IV. gráðu (sjá nánar í grein Valdimars).

#### Þórisjökull

Birkitréð í norðvesturöxl Þórisjökuls nýtur sívaxandi vinsælda. Leiðin er í um 1000 m hæð og ís myndast því snemma á haustin. Þar er hægt að komast í ísklifur í september og október. Farin hafa verið nokkur afbrigði af leiðinni, öll af IV. gráðu.

#### Sportklettaklifur

Þrátt fyrir vætusamt sumar og fáa sólardaga má segja að sportklifrið hafi staðið með miklum blóma og sennilega hafa aldrei fyrr verið klifraðar jafn margar erfiðar og glæsilegar klettaklifurleiðir (þökk sé Hilti!). Má geta þess að skinnið á fingrum iðnustu klifraranna var orðið svo þunnt að ætla mætti að þeir hefðu reynt að stöðva smergilskífu á hæsta snúningi!

Nýr innanhússklifurvegur sem leit dagsins ljós á árinu, bætti æfingaaðstöðu klifraranna til mikilla muna. Má til sanns vegar færa að klifurveggir þessir hafa skilað sínu, því geta íslenskra klettaklifrara hefur farið vaxandi með hverju ári sem líður. Vitna fjölmargar mjög erfiðar klettaleiðir um það, þar á meðal sennilega fyrsta 5.13 leiðin hérlendis.



Í Hrutadal. Ljós. Páll Sveinsson.



Björgvin Richardsson á dranginum „Aldrei aftur“. Ljós. Jón Haukur.





Jón Þorgrímsón í Birkitrénu í Þórisjökli. *Ljós. Páll Sveinsson.*

### Innanhússæfingasport - klettaklifurveggurinn í World Class

Er orðinn jafn langur og orðið hér að ofan ber með sér. Hann var opnaður í mars og er sá veglegasti sem um getur hérlendis. Hæðin er 6 metrar og lengdin 18 metrar. Hluti veggjarins slútir fram yfir sig og er hann því mikill hvalreki á fjörur klifrarans. Þar stunda menn æfingar af kappi enda útsýnið ótrúlega gott (fögur er hlíðin!).

### Klettaklifurkeppnin

Þann 28. maí var haldin þriðja klifurkeppni Ísalp í samstarfi við SVFÍ-deildina Fiskaklett í Hafnarfirði. Í forkeppni sem hófst um morguninn spreyttu sig 13 manns og komust 5 efstu í úrslitakeppnina sem haldin var

eftir hádegi. Sigurvegarar úr síðustu keppni áttu tryggt sæti í úrslitakeppninni svo alls voru þar 8 keppendur. Keppt var í tveimur leiðum og bar Björn Baldursson sigur úr bítum en í öðru sæti var Stefán S. Smáráson og þriðja Árni Birgisson. Veg og vanda af keppninni höfðu Páll Sveinsson og Guðjón Snær Steindórsson. Áhorfendur voru um 80 talsins.

### AUSTURLAND

#### Hnappavallahamrar

Þetta klettabelti í Örafasveit var í brennidepli síðastliðið sumar og er nú þegar orðið næst stærsta klifursvæði landsins, á eftir Stardalshnúk. Þar eru

bæði boltaðar leiðir og leiðir sem tryggðar eru á hefðbundinn hátt. Fjölbreytni leiðanna er stórkostleg og nú þegar er þar úrval glæsilegra leiða, bæði lóðréttra og slútandi. Aðkoma og öll viðdvöl á þessum slóðum er vægast sagt góð. Fjörtíu leiðir hafa þegar verið klifnar, þar af 24 sem farnar voru síðasta sumar. Er það líklega met á einu svæði hérlendis og munar þar um tæknivæðinguna sem hlaust af Ameríkuferð fjögurra Ísalpfélaga haustið 1991. Hér á eftir er stiklað á stóru en geta má þess að til stendur að gera leiðarvísí um svæðið fyrir næsta vor.

Fantasía (5.13) er erfiðasta klifurleið hérlendis. Björn Baldursson klifraði hana í júlí og náði þá langþráðu markmiði sínu. Leiðin er vestan megin í klettunum, á mótis við enda flugbrautarinnar. Hún er um 15 m há eru erfiðustu hreyfingarnar í um 10-12 m hæð. Þurfti Björn að sýna þar miklar jafnvæðiskúnstir.

Snævarr og Guðjón Snær fóru nýja leið í Miðskjólí í sumar (6a/5.9).

### SUÐURLAND

#### Pöstin

Ein ný leið var klifin í Pöstunum í sumar og er hún boltað. Var hún nefnd Langiseli (5.10d, 25 m, FF: Björn Baldursson, Stefán S. Smáráson, Páll Sveinsson og Guðmundur Helgi Christensen).

### SUÐVESTURLAND

Þó ekki hafi verið farnar nýjar leiðir í nágrenni Reykjavíkur, voru klifursvæðin mikið stunduð og mátti sjá þar mörg ný andliti.


#### Búahamrar

Fyrsta boltaða leiðin í Búahömrum er 50 m löng og liggur upp breiðan rauðleitan kant eða hrygg vinstra (vestan) við Flatnasa. Leiðin er tvær spannr með 14 boltum, gráðuð 5.9 og 5.7. Á megintryggingarstöðum eru tveir boltar og er því hægt að síga niður leiðina að klifri loknu. Skemmtileg leið! Fyrst farin haustið 1991 af Snævarri Guðmundssyni og Páli Sveinssyni en Snævarr kom boltunum fyrir seinna sama haust.



Norðvesturhlíð Heiðarhorns. Gilið til vinstri er Jónsgil en Axlarbragð liggur upp gilið til hægri. *Ljós. Páll Sveinsson.*





Elín Sigurðardóttir í klifurvegnum í World Class. *Ljós. Páll Sveinsson.*



Björn Baldursson í Hnappavallahörmum. *Ljós. Páll Sveinsson.*

## VESTURLAND

### Gerðuberg

Snævarr Guðmundsson og Guðjón Snær Steindórsson fóru nýja leið í Gerðubergi (5.10+) síðastliðið sumar.

## NORÐURLAND

### Skinnhúfuklettur í Vatnsdal

Þar gefst kostur á stórskemmtilegu klifri, setji menn ekki fyrir sig langan akstur til að njóta þess. Þarna var farin ein ný leið: Hiltibrandur (5.9, 20 m, FF: Björn Baldursson og Árni G.

Reynisson). Hafa nú verið boltaðar þarna níu leiðir.

### Munkaþverá

Snemma sumars var fjölmennt í Munkaþverá og voru a.m.k. fjórar nýjar leiðir farnar. Þær eru Björn járnhaus (5.11b/c, 13 m, FF: Stefán S. Smáráson og Björn Baldursson), Engin afsökun (5.10c, 13 m, FF: Björn Baldursson og Stefán S. Smáráson), Víga-Glúmur (5.10a/b, 12 m, FF: Árni G. Reynisson og Björn Baldursson), Lausir steinar (5.8, 12 m, FF: Símon Halldórsson).

### EVROPA 1992

Björn Baldursson og Stefán S. Smáráson brugðu sér til Suður-Frakklands í apríl. og heimsóttu þar nokkur klifursvæði. Fyrst heimsóttu þeir eitt af falletgri klifursvæðum Frakka: Ceüse sem er í um 2.000 m hæð. Langur og strangur gangur að svæðinu gerir þó það að verkum að ekki er eins mikil aðsókn í það og önnur svæði. Flestar leiðirnar eru 25-30 m á hæð og frekar í erfðari kantinum. Þarna klifruðu þeir félagar nokkrar leiðir á bilinu 6a-7b+ (franskar gráður), þar á meðal var leiðin Super Mickey 7b+. Þá héldu þeir til Volx og klifruðu



Snævarr í boltaðu leiðinni vestan við Flatnasa í Búahörmum. *Ljós. Páll Sveinsson.*




þar leiðir á bilinu 6b-7c (5.10b-5.12d). Þá héldu þeir til Orpierre og fóru þar leiðir frá 6b-7a. Leiðin lá síðan til Grenoble, lentu þeir í miklum rigningum og héldu til Frankenjura í Þýskalandi. Klifu þeir þar margar leiðir, m.a. High Gravity „on sight“ (8+ þýska gráðan) og Catching the Train (9 eða um 5.12d). Einnig fóru þeir félagar til Suður-Frankenjura þar sem klifrið einkenndist meira af lóðréttum veggjum. Héldu þeir þaðan heim eftir þriggja vikna ferð.

Sumarið var varla liðið þegar Björn og Stefán voru flognir til Evrópu á ný og nú var Árni G. Reynisson með í för. Nú byrjuðu þeir í Frankenjura og fóru leiðir eins og Hitchhike the Plane 9+ (5.13a), Krampfhammer 9 (5.12d) og Sultan of Swing (9- eða 5.12 b/c). Einnig voru klifnar leiðir „on sight“ upp að 9- (5.12b/c). Þeir héldu síðan til Austurríkis og meðan Stefán heimsótti ættingja í Vínarborg litu Árni og Björn á nokkur svæði. Fyrst skal nefna Wasserfalle en það þótti ekki eins gott og sögur gáfu til kynna. Í Kufstein


fannst nokkuð gott klifursvæði, svo og í Innsbruck. Á þessum svæðum klifu þeir leiðir á bilinu 7-9 (5.10d-5.12d). Eftir að Stefán hafði slegist í hópinn aftur héldu þeir til Arco á Ítalíu, smábæjar rétt ofan við Gardavatnið. Þar er ótrúlega mikið gert fyrir klifur. Bærinn hefur „græjað upp“ svæði og lagt göngustíga að þeim og víða mátti finna þar æfingaslár. Þarna var mjög gaman að klifra og farnar margar leiðir á bilinu 6a-7b+. Auk þess sem Stefán fór eina lengri leið í vegg fyrir ofan Arco sem heitir Colarid. Leiðina sem er um 200 m fór Stefán með þýskum félaga þeirra. Í Arco fylgdust þeir með klifurkeppni þar sem flestar stjórnurnar voru mættar til leiks, m.a. Stefan Glowacs og Lynn Hill sem sigruðu með glæsibrag. Síðan var haldið til Frakklands. Chateauvert er alveg nýtt svæði og þar sem enginn leiðarvísir er til, áttu þeir félagar svolítið erfitt með að átta sig á við hvaða erfiðleikagráður þeir voru að fást við. Við borgina La Ciofater lítið sandsteinssvæði sem þeir heimsóttu. Flestar leiðirnar þar eru

búnar til með því að gera festur í bergið. Les Calanques er stórkostlegt svæði, þar er hægt að klifra og fá sér svo stuttan sundsprett á eftir. Í Cimai klifu þeir nokkrar leiðir á bilinu 6b-7b (5.10b-5.11d). Í Volx var fleiri leiðum bætt í safnið og voru þær á bilinu 6b-7b+ (5.10b-5.12c). Í Ombleze fóru þeir leiðir frá 6b-7a (5.10b-5.11d). — Ferðin varð síðan hálfendasleppt sökum úthellisrigninga er herjuðu á Evrópumenn.

Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson fóru í hálfs mánaðar klifurferð um Frakkland í maí. Þeir byrjuðu á að fara í Verdon gljúfrið þar sem farnar voru þrjár 90-150 m háar 5-7 spanna leiðir af gráðu 6a+ og 7a+. Í suðurölpunum fóru þeir á tind sem heitir Tenailles (Töngin), 11 spanna klifurleið (TD+, 6a-7c). Á Prelles fóru Jón og Snævarr síðan frábæra 150 m langa 7 spanna leið (6a-6c). Að auki heimsóttu þeir nokkur sportklifursvæði og klifruðu þar leiðir af gráðu 6a+ - 7b.



Frá Arco. Ljós. Björn Baldursson.



Frá Volx. Ljós. Árni Gunnar Reynisson.



# Nýtt Snjóþrúgur

Fyrirferðalitlar, léttar snjóþrúgur úr flugvélaáli og hypalon.  
Mjög góðar bindingar. Undir þrúgunum er gott grip sem veitir  
viðnám á ís.

Verð 17.560.-




SENDUM Í  
PÓSTKRÖFU  
UM LAND  
ALLT.

**ÚTILÍF** <sup>H</sup>/<sub>F</sub>

Glæsibæ, sími 812922.

EURO-VISA  
RÁÐ  
SAMNINGAR




## WORLD CLASS


**STÆRSTI KLIFURVEGGUR  
HÉRLENDIS**

**FRÁBÆR AÐSTAÐA**

**WORLD CLASS HEILSUSTÚDÍÓ**  
SKEIFUNNI 19 · SÍMI 35000







Öræfajökull úr austri; efri hluti Hrútárjökuls og Sveinstindur. Til vinstri er Hvannadalshnúkur og hægra megin Snæbreið. Í fjarska er Síðujökull. *Flugmynd: Snævarr Guðmundsson.*



Skarðatindur úr norðri. Skaftárjökull í baksýn. *Flugmynd: Snævarr Guðmundsson.*





Hrútsfjallstindar, efri hluti suðurhlíðarinnar. Í fjarska sér til Kverkfjalla og Snæhettu. Flugmynd: Snævarr Guðmundsson.



# Ársreikningur ÍSALP 1991

## Gjöld

|                            |         |
|----------------------------|---------|
| Ársritið 1990 útgáfukostn. | 4.897   |
| Fréttabréfið. Vinnsla      | 37.227  |
| Fréttabréfið. Útsending    | 13.358  |
| Áskrift tímarita           | 9.020   |
| Félagsheimilið             | 154.123 |
| Rekstur Tindfjallaskála    | 10.967  |
| Rekstur Bratta             | 18.935  |
| Leiðarvísir, Hvalfjörður   | 62.500  |
| Myndbandsspólur            | 4.400   |
| Innheimta félagsgjalda     | 28.000  |
| Frímerki                   | 8.918   |
| Annar kostnaður            | 6.927   |

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Gjöld alls          | 359.272 |
| Tekjur umfram gjöld | 361.177 |

|         |         |
|---------|---------|
| Samtals | 720.449 |
|---------|---------|

## Eignir

|                         |         |
|-------------------------|---------|
| Ávísanareikn. 1371 L.Í. | 163.018 |
| Gíróreikningur          | 119.119 |
| Kjörbók                 | 183.914 |
| Bratti                  | 400.241 |
| Litskyggnuvél           | 3.000   |
| Sófar                   | 4.000   |
| Bókaskápar              | 5.990   |
| Bókasafn                | 38.625  |
| Skuldunautar            | 4.295   |

|         |         |
|---------|---------|
| Samtals | 922.202 |
|---------|---------|

## Tekjur

|                               |         |
|-------------------------------|---------|
| Félagsgjöld 1989              | 5.400   |
| Félagsgjöld 1990              | 189.263 |
| Félagsgjöld 1991              | 156.000 |
| Auglýsingatekjur ársrits 1990 | 195.045 |
| Auglýsingatekjur fréttabréfs  | 27.000  |
| Sala eldri blaða              | 14.260  |
| Sala merkja                   | 900     |
| Gistigjöld                    | 39.910  |
| Ágóði af skemmtanahaldi       | 8.700   |
| Vaxtatekjur                   | 25.613  |
| Sala leiðarvísa               | 5.900   |
| Endurgreiðsla VSK             | 46.138  |
| Námskeiðin                    | 20      |
| Gjöf frá Sue Cobb             | 6.300   |

|             |         |
|-------------|---------|
| Tekjur alls | 720.449 |
|-------------|---------|

|         |         |
|---------|---------|
| Samtals | 720.449 |
|---------|---------|

## Skuldir

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Höfuðstóll 1/1      | 561025  |
| Tekjur umfram gjöld | 361.177 |

|         |         |
|---------|---------|
| Samtals | 922.202 |
|---------|---------|

*Reikning þennan hef ég endurskoðað og borið saman við fylgiskjöl og sé enga ástæðu til að gera athugasemda.  
Reykjavík, 3. febrúar 1992*

*Einar Hrafnkell Haraldsson*



# Ársskýrsla ÍSALP 1991

## Stjórn

Stjórn ÍSALP 1991 var skipuð: Björn Vilhjálmsson formaður, Páll Sveinsson varaformaður, Haraldur Örn Ólafsson gjaldkeri, Árni G. Reynisson ritari, Torfi Hjaltason meðstjórnandi, Magnús V. Guðlaugsson meðstjórnandi og Guttormur B. Þórarinsson. Stjórnin hélt fjórtán fundi á árinu.

## Skálarnir

Farið var í tvær vinnuferðir upp í Bratta. Í fyrri ferðinni var skálinn málaður og í seinni ferðinni var þröskuldur lagaður og settur hleri fyrir dyrnar. Seinna um haustið fór Hjálparsveit skáta í Kópavogi með nýja kabyssu, skiptum um rúður, stikuðu leiðina að skála frá Öndruskarði og eiga þeir sérstakar þakkir skilið. Farið var með kol upp í Tindfjallaskála. Annars er ástand beggja skál gott.

## Ferðir

Auglýstar ferðir voru 34, þar af tvær vinnuferðir og fimm kvöldferðir. Þetta er mikil fjölgun frá því í fyrra en farið var í átján ferðir í ár.

## Námskeið

Haldin voru fjögur námskeið á vegum klúbbsins: Vetrar-, klettaklifur, jökla- og ísklifurnámskeið. Leiðbeinendur voru níu og nemendur 37. Einnig hélt Rauði kross Íslands skyndihjálparnámskeið fyrir klúbbsinn. Var það sérstaklega miðað við aðstæður fjallamanna og voru þátttakendur sex.

## Félagsheimilið

Húsnæðið var notað líkt og undanfarin ár. Opið hús var 48 miðvikudagskvöld, af þeim voru



Stjórn Ísalp 1992. Aftari röð: Haraldur Örn Ólafsson gjaldkeri, Magnús Guðlaugsson og Árni Gunnar Reynisson gjaldkeri. Fremri röð: Linda Björk Þórðardóttir, Páll Sveinsson varaformaður og Magnús Tumi Guðmundsson formaður. Á myndina vantar Torfa Hjaltason.

tólf myndasýningar og fjórir fyrirlestrar. Alls voru 770 skráningar í gestabók, þar af 645 á „opnu húsi“. Er það svipað og í fyrra en skráningu í gestabók er oft ábótavant. Nokkrar bækur bættust við í safnið og er klúbbsurinn áskrifandi að sjö tímaritum. Ferða- og fundanefnd hélt tíu fundi, ritnefnd tíu, húsnefnd tvo og uppstillingarnefnd einn. Á árshátíðina mættu 35 manns en fámenni var á jólaglöggi þar sem tveggja félaga var saknað úr klúbbsferð fyrir um daginn.

## Útgáfan

Sjöunda ársritið náði ekki að koma út á árinu en vonast er til að það komi út í febrúar 1992, ritstjóri var Salbjörg Óskarsdóttir. Fréttabréfið kom sex sinnum út á árinu (þar af tvær aukaútgáfur), ritstjóri var Anna Lára Friðriksdóttir.

## Félagatal

Skráðir félagar voru 321. Á árinu voru 17 strikaðir út vegna vanskila. Spjaldskrárritari er Salbjörg Óskarsdóttir.

## Önnur mál


Sue Cobb, sendiherrafrú, hélt í febrúar myndasýningu um leiðangur sem hún fór á Everest. Mættu á hana yfir fimmtíu manns, einnig seldi hún bók sína um leiðangurinn og gaf ágóðann til klúbbsins. Önnur klifurkeppni klúbbsins innanhúss var haldin í maí í nýjum klifurvegg Fiskakletts. Tókst hún í alla staði mjög vel og mættu um 80 áhorfendur. Keppnisstjóri var Björn Vilhjálmsson. Í ferðum klúbbsins var sú nýjung að farin var vinnuferð í Stardal og lagður þar göngustígur.





Nú göngum við til liðs við okkur sjálf og náttúruna. Við slökkvum á  og skiljum  eftir heima. En áður en lagt er af stað, hvort heldur sem er í stutta eða langa gönguferð, þá er rétt að búa sig vel og þess vegna förum við í Skátabúðina.

Númer eitt er að vera í góðum  frá SCARPA. Svo að válynd veður eyðileggi ekki fyrir þér skemmtilega ferð, þá er nauðsynlegt að hafa góðan hlífðarfatnað frá KARRIMOR OG FRANCITAL. Góður og traustur  frá KARRIMOR, fyrir nestið, aukafatnað og ýmsa aðra fylgihluti, er nauðsynlegur, þægilegur og áreiðanlegur.



Gott  er hið mesta þarfabing þegar dvalið er næturlangt úti í náttúrunni. Og að leggjast til hvílu í hlýjum og mjúkum AJUNGILAK  er hreinn unaður. Svona væri hægt að telja lengi áfram, en í Skátabúðinni finnurðu nánast allt sem þú þarft í gönguferðina eða í útileguna.

## ÞÉR ER ÓHÆTT AÐ TREYSTA Á SKÁTANA - ÞEIR HAFA REYNSLUNA!



VISA OG EURO  
GREIÐSLUKORTAÞJÓNUSTA

OPNUNARTÍMI: MÁN. - FÖS. 09:00 - 18:00  
LAU. 10:00 - 14:00

SENDUM Í PÓSTKRÖFU!

  
**SKÁTABÚÐIN**  
-SKARAR FRAMÚR  
SNORRABRAUT 60 • 105 REYKJAVÍK  
SÍMAR: 1 20 45 og 62 41 45